



Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar

2015

Efnisyfirlit

Formálsorð; Búið í haginn fyrir framtíðina.....	3
Skipurit og lykiltölur.....	4
Skóla- og frístundaráð.....	5
Stefnumótandi ákvarðanir	6
Eftirlit	9
Samráð við stjórnendur.....	9
Dagforeldrar.....	10
Leikskólar.....	11
Grunnskólar.....	13
Mötuneyti.....	17
Frístundastarf.....	18
Skólahljómsveitir og tónlistarskólar.....	22
Skóla- og frístundastarf án aðgreiningar.....	23
Stuðningur og sérkennsla	23
Fjölmennig	24
Þverfagleg verkefni.....	26
Fullorðinsfræðsla.....	32
Starfsmenn og starfsþróun.....	33
Rannsóknir og kannanir.....	31
Ráðstefnur og málþing.....	34
Verðlaun og styrkir.....	35
Viðburðir.....	38
Fjármál.....	39
Útgefið efni.....	40



Reykjavíkurborg

Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2015

Gefin út 2016

Ábyrgð: Helgi Grímsson sviðsstjóri.

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.

Tölfræði: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Hönnun og umbrot: Ivan Burkni.

Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir og fl.

ISSN 1670-6951

Helstu heimildir

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Fundargerðir skóla- og frístundasráðs.

Niðurstöður ýmissa kannana

Fyrri ársskýrslur

Fréttatilkynningar

Vefur Reykjavíkurborgar, www.skolaogfristundasvid.is

Búið í **haginn** fyrir framtíðina

Árið 2015 var viðburðaríkt í skóla- og frístundastarfi í borginni. Þetta var ár krefjandi verkefna og breytinga á starfsumhverfi skólanna í tengslum við síðustu kjarasamninga kennara. Skiptar skoðanir hafa verið um þann samning eins og gengur og það er eðlilegt þegar breytingar verða á rótgrónu starfsumhverfi fagstétta. Engu að síður tel ég að þeir samningar hafi verið stórt framfaraskref sem fól í sér löngu tímabæra fjárfestingu borgaryfirvalda í mannauði þess fagfólks sem heldur uppi starfinu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar.



Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs.

ÖLL BÖRN GETI LESIÐ SÉR TIL GAGNS

Stefna okkar í skóla- og frístundamálum kristallast í þeirri sýn að öll börn geti lært og að hlutverk okkar sé að tryggja þeim jöfn tækifæri til að mennta sig með aðferðum sem henta hverjum og einum. Þar skiptir miklu að grunnurinn sé traustur og því samþykktum við á árinu tillögur sem eiga að efla lestrarfærni, lesskilning og málþroska barna í leik- og grunnskólum og frístundastarfinu. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, lestrarskimun strax í upphafi 1. bekkjar grunnskóla og markviss úrræði til að þjóna börnum sem þurfa á lestraraðstoð að halda. Takmark okkar er að öll börn geti lesið sér til gagns en undanfarin ár hafa ríflega 30% barna í 2. bekk ekki náð því marki og stór hluti þeirra býr ekki yfir fullnægjandi lesskilningi við lok grunnskólans.

Það verður að vera sameiginlegt metnaðarmál okkar allra sem vinnum að skóla- og frístundamálum að bæta úr þessu því lesskilningur er mikilvæg forsenda þess að skólagangan skili nemendum menntun sem nýtist þeim í lífinu.

FJÖLBREYTTARA SAMFÉLAG

Ísland hefur á einum mannsaldri breyst úr einsleitu í fjölmenningarlegt samfélag þar sem fólk af fjölbreyttu þjóðerni kemur saman. Tíunda hvert barn í grunnskólum borgarinnar er af erlendum uppruna og fimmta hvert barn í leikskólunum. Miklu skiptir að vel sé staðið að íslensku- og móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna og því er ég stoltur af þeirri vönduðu stefnumótun sem við innleiddum á árinu um móðurmálskennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Þar vann starfshópur afbragðs starf og lagði fram tillögur með það að leiðarljósi að efla virkt tvítyngi. Fyrsta áfanga í aðgerðaáætlun starfshópsins verður hrint í framkvæmd á árinu 2016.

LÝÐRÆÐI Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI

Krafa samtímans, hér á landi sem um heim allan, er aukið lýðræði og mikilvægt er að láta þá fersku vinda leika um skólasamfélagið í Reykjavík. Það er bjargföst trú mín að farsælt skólastarf í framtíðinni byggi á því að við aukum áhrif og vægi nemandans þegar kemur að vali á viðfangsefnum, námsáherslum og framvindu. Stefna okkar um nemendamiðað skólastarf sem samþykkt var á árinu er liður í þessu og ég er þeirrar skoðunar að aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi sé besta svar okkar við háu brott-hvarfi nemenda í íslensku skólakerfi.

BETRI NÝTING FJÁRMUNA

Mikil vinna fór fram á árinu við að greina tækifæri til að nýta betur fjármuni sviðsins. Ég fór fyrir starfshópi fulltrúa allra stjórnmalaflokka, stjórnenda, kennara og starfsfólks sviðsins sem skilaði ítarlegum tillögum sem við munum nýta til að spara í rekstri sviðsins. Við munum fækka stöðugildum á miðlægrri skrifstofu sviðsins, lækka húsnæðis- og orkukostnað og leita leiða til að samnýta betur húsnæði í skóla- og frístundastarfi, innleiða hagkvæmari innkaup með útboðum, breyta fyrirkomulagi sérkennslu í leikskólum með það í huga að gera þjónustu við börn með sérþarfir markvissari o.m.fl.


Ég er sannfærður um að þessar aðgerðir munu skila okkur traustari rekstri og við einsetjum okkur að færa fjármagn frá miðlægrri starfsemi út til starfsstöðvanna með það í huga að bæta þjónustuna. Þó ég dragi ekki fjöður yfir það að verkefnið er krefjandi þá er það nauðsynlegt til að búa í haginn fyrir framtíðina.

Á árinu lét Ragnar Þorsteinsson af störfum sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs. Hann var ráðinn fræðslustjóri Reykjavíkurborgar á Menntasviði í byrjun árs 2007, en tók síðan við sameinuðu sviði leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita og Námsflokka Reykjavíkur í september 2011. Áður hafði Ragnar gegnt öðrum ábyrgðarstöðum hjá Reykjavíkurborg, sem framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Breiðholts og skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í Breiðholtsskóla. Honum er þakkað allt hans mikla framlag til skóla- og frístundastarfs í borginni.

Helgi Grímsson var ráðinn sviðsstjóri á haustdögum og tók formlega við starfinu 1. október. Hann er boðinn velkominn til starfa.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs.

Skipurit og lykiltölur



LYKILTÖLUR

- ➔ 63 leikskólar, þar af tveir sameinaðir leik- og grunnskólar og frístundaheimili, með alls 5.855 börn. Auk þess voru 1.059 börn í 17 sjálfstætt starfandi leikskólum. Um 700 börn dvöldu að jafnaði hjá tæplega 200 dagforeldrum.
- ➔ 36 grunnskóli með um 14.003 nemendur, auk 7 sjálfstætt starfandi grunnskóla með 616 nemendur.
- ➔ 34 frístundaheimili og 5 frístundaklúbbar fyrir um 4.250 börn.
- ➔ 21 félagsmiðstöð með um 125.000 heimsóknir 10-16 ára barna.
- ➔ 4 skólahljómsveitir þar sem um 454 nemendur lærðu á hljóðfæri.
- ➔ Námsflokkar Reykjavíkur þar sem 180 manns stunduðu nám og um 1.100 fengu náms- og starfsráðgjöf.
- ➔ Skóla- og frístundasvið greiddi með um 2.471 nemanda í tónlistarskólum í borginni.
- ➔ Hjá sviðinu störfuðu um 4.300 starfsmenn í tæplega 3.900 stöðugildum. Þar af voru 1.782 stöðugildi leik- og grunnskólakennara.

Skóla- og frístundaráð

Skóla- og frístundaráð mótar stefnu í menntamálum barna í leik- og grunnskólum og fyrir frístundastarf barna og ungmenna. Einnig útfærir það stefnu um tónlistarfræðslu barna og ungmenna og félagslega menntastefnu fyrir full-orðna. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á þessu verkswiði. Jafnframt hefur það eftirlit með því að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í skóla- og frístundamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skóla- og frístundastarfs. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs annast stjórnsýslu fyrir ráðið og heldur utan um starfsemi þess. Ráðið starfaði á árinu 2015 undir forystu Skúla Helgasonar. Í því sátu 7 kjörnir fulltrúar.

FULLTRÚAR Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐI 2015

Skúli Helgason (*Samfylkingu*)

Líf Magneudóttir (*Vinstri grænum*)

Sabine Leskopf (*Samfylkingu*)

Eva Einarsdóttir (*Bjartri framtíð*)

Kjartan Magnússon (*Sjálfstæðisflokki*)

Marta Guðjónsdóttir (*Sjálfstæðisflokki*)

Jóna Björg Sætran (*Framsókn og flugvallavinum*)

Samtök foreldra leikskólabarna og SAMFOK eiga áheyrnarfulltrúa í ráðinu, svo og fulltrúar skólastjórnenda og starfsfólks í leikskólum og grunnskólum og framkvæmastjóra frístundamiðstöðva. Einnig á Reykjavíkurráð ungmenna áheyrnarfulltrúa. Sviðsstjóri, fjármálastjóri, mannauðsstjóri og fagstýrur sviðsins sátu fundi ráðsins auk ritara. Þar fyrir utan tóku sæti á fundum þegar þörf krafði sérfræðingar skóla- og frístundasviðs og annarra fagsviða, svo og utanaðkomandi aðilar.



Börn af leikskólunum Sæborg færðu skóla- og frístundasviði þessa fallegu mynd á árinu og kölluðu Risaeðluást. Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri og Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri leikskólamála veittu gjöfinni viðtöku.

Stefnumótandi ákvarðanir

SYSTKINAAFSLÁTTUR ÞVERT Á SKÓLASTIG

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 var tekinn upp systkinaafsláttur þvert á skólastig á gjaldskrár sviðsins. Það þýddi að um áramót var innleiddur 50% afsláttur af gjöldum á frístundaheimili ef barnið átti systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri. Aðrir systkinaafslættir af gjöldum héldust óbreyttir, þ.e. vegna tveggja systkina eða fleiri í leikskóla eða hjá dagforeldri, á frístundaheimili eða í mataráskrift grunnskóla.

BREYTINGAR Á REGLUM

Í upphafi árs tóku gildi breytingar á reglum um niðurgreiðslu vegna daggæslu og á reglum um leikskólaþjónustu í Reykjavík. Breytingarnar miðuðu að því að börn, sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða skráð utangarðs, geti sótt um leikskólapláss og þjónustu dagforeldra.

SAMSTARF UM LÝÐHEILSU BARNNA

Í janúar samþykkti skóla- og frístundaráð að leita eftir samstarfi við Embætti landlæknis og Landvernd um leiðir til að efla lýðheilsu barna, auka umhverfisvitund þeirra, minnka matarsóun og hagræða í rekstri mótuneyta skóla og frístundamiðstöðva með það að markmiði að hámarka næringargildi máltíða.

AUKINN STUÐNINGUR VEGNA FJÖLÞÆTTS VANDA

Ráðið ákvað á fundi sínum í febrúar að setja á fót teymi sérfræðinga með það hlutverk að auka stuðning við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda, þar með talið vímuefnavanda. Teyminu er ætlað að vinna með velferðarsviði og Barnavernd Reykjavíkur.

Hlutverk þess verður tvíþætt;

1. Vinna með foreldrum og barni/ungmenni, skólum og frístundamiðstöðvum að lausn bráðavanda sem upp kemur hverju sinni þannig að barnið eigi tryggan aðgang að námi og úrræðum við hæfi.

2. Vinna að lausn til lengri tíma með því að virkja betur viðeigandi úrræði og koma með tillögur að nýjum úrræðum til að bæta þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

ENDURSKOÐUN REGLNA UM SKÓLAHVERFI

Í febrúar fól ráðið sviðsstjóra að setja á laggir starfshóp til að endurskoða reglur frá 2005 um skólahverfi og innritun í grunnskóla borgarinnar. Hópurinn mun rýna mörk skólahverfa, m.t.t. aðal- og hverfisSKIPULAGS borgarinnar, þéttingu byggðar, sameiningu skóla og samgangna á milli hverfa.



LEIÐIR TIL AÐ EFLA LESTRARFÆRNI

Í febrúar skilaði fagráð um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings meðal barna og ungmenna tillögum sínum sem kynntar voru í ráðinu. Fimm megin tillögur voru lagðar fram, m.a. að sett yrði á laggirnar *Miðstöð máls og læsis* sem vinni að því að byggja upp fagmennsku kennara með tilliti til lestrarkennslu. Miðstöðin verði starfrækt í nánú samstarfi við sérfræðipjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

LEIÐIR TIL AÐ STYRKJA MÓÐURMÁLSKENNSLU

Í apríl samþykkti ráðið tillögur starfshóps um virkt tvítyngi, tilraunaverkefni til tveggja ára, sem miðar að því að styrkja móðurmálkunnáttu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í október samþykkti svo ráðið áætlun um forgangsriðun og kostnaðargreiningu á tillögum starfshópsins. Í forgang var sett að ráða til tveggja ára móðurmáls-/farkennara í grunnskólum, auka fjármagn til tülkaþjónustu í skóla- og frístundastarfi, efla fræðslu fyrir kennara og starfsfólk um fjölbreytt tungumál og mikilvægi móðurmálsins og bæta upplýsingagjöf og fræðslu til foreldra af erlendum uppruna.

ENDURSKOÐUN REGLNA UM AUGLÝSINGAR

Ráðið fól í maí sviðsstjóra að setja af stað starfshóp með það hlutverk að endurskoða reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi. Hópurinn, sem skipaður var fulltrúum stjórnenda, foreldra og sérfræðinga sviðsins og íþrótt- og tómstundasviðs, skilaði tillögum í nóvember og fóru þær þá í umsagnarferli hjá ýmsum aðilum, m.a. umboðsmanni barna, íþróttafélögum, foreldrasamtökum, skólastjórnendum og Bandalagi íslenskra listamanna.

INNLEIÐING Á TILLÖGUM FAGRÁÐS UM LÆSI

Ráðið samþykkti á fundi sínum 3. júní innleiðingaráætlun um tillögur fagráðs um læsi sem samþykktar voru í febrúar. Samkvæmt áætluninni verður stofnuð verkefnastjórn á skóla- og frístundasviði sem vinna mun að því að koma á fót *Miðstöð máls og læsis*. Þá felur innleiðingar-áætlunin í sér að stofnuð verði læsisteymi í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, að læsisáætlanir leikskóla og grunnskóla verði metnar og að farið verði í fræðsluáttak meðal starfsfólks í samstarfi við Menntavísindasviðs HÍ og fleiri aðila.

SYSTKINATILLIT

Ráðið samþykkti í júní að taka upp systkinatillit á leikskólum. Þetta var gert með því að breyta reglum um

leikskólaþjónustu með nýju ákvæði. Þar var bætt við að börn sem; „eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista bjóðist rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara“. Með systkinatilliti er komið til móts við þau sjónarmið að mikilvægt sé að systkini á leikskólaaldri geti verið á sama leikskóla í borginni. Einnig er tryggt að reglan skerði ekki rétt barna sem eru framar á biðlista og þeim sé tryggt innritun á annan leikskóla sem forsjármenn þeirra hafa óskað eftir.

ALÞJÓÐAÐEILD VIÐ LANDAKOTSSKÓLA

Ráðið samþykkti í júní að heimila Landakotsskóla að vinna að tveggja ára þróunarverkefni um rekstur alþjóðadeildar við skólann. Þar munu 24 grunnskólanemendur stunda nám.

NEMENDAMIÐAÐ SKÓLASTARF

Starfshópur um nemendamiðað skólastarf kynnti tillögur sínar í ráðinu í júní en þær miðuðu að því að auka bein áhrif barna og ungmenna á skóla- og frístundastarfið. Ráðið samþykkti einróma að kostnaðargreina tillögurnar og innleiða þær frá og með skólaárinu 2015-2016.

AUKINN ÁRANGUR NEMENDA

Í júní var lögð fyrir ráðið skýrsla starfshóps um aukinn árangur nemenda. Ráðið samþykkti drög að umbótaáætlun sem sett var fram í skýrslunni og fól sviðsstjóra að hrinda henni í framkvæmd.

ÁBYRG NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI

Í júní samþykkti ráðið að fela sviðsstjóra að stofna starfshóp til að móta viðmið um ábyrga notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla- og frístundastarfi. Hópurinn skyldi kynna sér sérstaklega og leggja mat á rannsóknir um möguleg áhrif skjánotkunar og þráðlauss nets á heilsu og velferð barna og ungmenna.

AUKIÐ LÝÐRÆÐI BARNNA OG UNGMENNA

Í október ákvað ráðið að setja á fót starfshóp um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Hann mun skoða hugmyndir um umboðsmann ungmenna, fyrirkomulag ungmennabings og leita fyrirmynda í lýðræðisstarfi hér á landi og erlendis. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, fulltrúum menntavísindasviðs HÍ, fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna, fulltrúum foreldra og sérfræðingum á skóla- og frístundasviði.

BARNABÓKAVERÐLAUN REYKJAVÍKURBORGAR

Í nóvember var samþykkt breytt fyrirkomulag á barnabókaverðlaunum ráðsins. Ákveðið var að verðlaunin yrðu sameinuð íslensku myndskreytiverðlaunum *Dimmalímm* undir heitinu *Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar*. Þau verða því þrískipt frá og með árinu 2016 og verða þá veitt verðlaun fyrir bestu frumsömdu íslensku barnabókina, bestu þýðingu á barnabók og bestu myndskreytingu á íslenskri barnabók. Verðlaunaveitingin og verkefni henni tengd verður samvinnuverkefni skóla- og frístundaráðs og menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar í bókmenntaborginni Reykjavík.

MARKVISST ÚTINÁM Í GUFUNESI

Í desember fundaði ráðið í Gufunesbæ. Þar var samþykkt að skipa starfshóp til að móta heildstæða stefnu um markmið og hlutverk Gufunesbæjar sem miðstöðvar útivistar og útínáms fyrir börn og unglinga úr öllum hverfum borgarinnar. Hópurinn skal líta til hlutverks frístundamiðstöðvarinnar sem þekkingarmiðstöðvar um útínám og útivist og hvernig efla megi fræðslu fyrir leikskóla, grunnskóla og börn í frístundastarfi í öllum hverfum borgarinnar, svo og í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur. Leiðarljós starfshópsins á að vera að styrkja stöðu Gufunesbæjar sem valkost fyrir alla aldurshópa til að stunda fjölbreytta útivist og frístundiðkun, árið um kring.



Eftirlit

Skóla- og frístundaráð fylgdist með framkvæmd náms og kennslu í Reykjavík og gerði tillögur um umbætur í skólastarfi. Fjallað var um niðurstöður Skólaláms, niðurstöður PISA, niðurstöður lesskímanna og fleiri rannsókna og kannana um gæði skóla- og frístundastarfs. Þá var gerð greining á niðurstöðu samræmdra könnunarprófa í samstarfi við Námsmatsstofnun, PISA-niðurstöðna og ýmissa úttekta á vegum sviðsins. Ráðið fékk einnig kynningu á sértækum verkefnum, s.s. starfsemi Jafnréttisskóla, Náttúruskóla og annarra starfsstaða og fékk á sinn fund sérfræðinga á ýmsum sviðum mennta- og frístundamála. Þá fylgdist ráðið með gerð kjarasamninga við kennara, fjármálum sviðsins, innleiðingu aðalnámskrár í leik- og grunnskóla og annarra samþykktara stefnumiða fræðslufirvalda.

SAMRÁÐ VIÐ STJÓRNENDUR

Mánaðarlega komu stjórnendur undirstofnana saman til fundar með fagstjórnendum á skrifstofu sviðsins og ræddu fagstarfið, starfsmannamál, stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmd þeirra, svo og málefni liðandi stundar. Einnig kom samráð leikskólastjóra, skólastjóra og 24 manna samráðshópur frístundamála saman sex sinnum á árinu. Í faglegu samráði sátu fulltrúar stjórnenda, faglegur stjórnandi á skrifstofu og fulltrúi mannauðsdeildar.

Markmið þessara samráða er að vera faglegur vettvangur fyrir umræður og upplýsingamiðlun svo og að fá viðbrögð stjórnenda á hin ýmsu mál sem koma upp frá degi til dags og krefjast sameiginlegrar úrlausnar sviðsins.

SAMRÁÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Margrét Elíasdóttir, leikskólastjóri í Blásölum, fyrir Árbæ og Grafarholt.

Gerður Sif Hauksdóttir, leikskólastjóri í Grænuþing, fyrir Miðborg og Hlíðar.

Sigrún Birgisdóttir, leikskólastjóri í Ægisborg, fyrir Vesturbæ.

Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri í Holti, fyrir Breiðholt.

Dagrún Ársælsdóttir, leikskólastjóri í Vinagerði, fyrir Laugardal og Háaleiti.

Valborg Guðlaugsdóttir, leikskólastjóri í Engjaborg, fyrir Grafarvog.

SAMRÁÐ SKÓLASTJÓRA

Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri í Klettaskóla.

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri í Ingunnarskóla og form. Félags skólastjórnenda.

Jónína Ó. Emilsdóttir, skólastjóri í Vogaskóla.

Jóhanna S. Vilbergisdóttir, skólastjóri í Vætaskóla.

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri í Fellaskóla.

Sesselja I. Jósefsdóttir, skólastjóri í Hagaskóla.

Þorsteinn Sæberg, skólastjóri í Árbæjarskóla.

SAMRÁÐSHÓPUR FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Frostaskjól.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Kamps.

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Krínglumýri.

Helgi Eiríksson, framkvæmdastjóri Miðbergs.

Jóhannes Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ársels.

Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar.

Dagforeldrar


Þann 1. desember 2015 voru 188 dagforeldrar í Reykjavík og var greidd niðurgreiðsla vegna 723 reykvískra barna. Flest voru þau fædd á árinu 2014.

Framlag borgarinnar vegna barna hjá dagforeldrum hækkaði um 3,4% í byrjun ársins. Þá tóku gildi breytingar á reglum um niðurgreiðslu vegna daggæslu sem miðuðu að því að foreldrar barna, sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis, geti sótt um þjónustu dagforeldra.

VEL HEPPNAÐUR NÁMSKEIÐSDAGUR DAGFORELDRA

Góð þátttaka var á námskeiðsdegi dagforeldra sem haldinn var í mars. Þar var leitast við að byggja upp faglega þekkingu og styrkja tengsl dagforeldra. Námskeiðsdagurinn tókst vel í alla staði og voru dagforeldrar ánægðir með fróðleg erindi sem boðið var upp á. Þórálfur Guðnason yfirlækni fjallaði um forvarnir við sýkingum hjá börnum og Lone Jensen, verkefnastjóri hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, fjallaði um samskipti við börn í krefjandi aðstæðum. Þá fjallaði Eyþór Eðvaldsson stjórnendapjálfi um samskipti.

Tafla - Fjöldi dagforeldra og barna 1997-2015



Leikskólar

Þann 1. október 2015 dvöldu 5.855 börn í 63 leikskólum borgarinnar og 1.059 börn í 17 sjálfstætt starfandi leikskólum. Heildarfjöldi leikskólabarna í borginni var 6.914.

STARFSÁÆTLUN

Í stefnu og starfsáætlun sviðsins var lögð áhersla á fimm umbótaþætti sem unnið var að á árinu á fagskrifstofu leikskólamála;

- Málþroska, læsi og lesskilning
- Verk-, tækni- og listgreinar
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Fjölmenningu
- Gæði og fagmennsku

Fagskrifstofa leikskólamála kallaði eftir upplýsingum um áherslur hvers leikskóla í vinnu þeirra við sérhvern um- bótaþátt í starfsáætlunum fyrir skólaárið 2015 – 2016 og setti upp tilboð til leikskóla um fræðslu á starfsmannafund- um eða skipulagsdögum sem tók mið af þeim. Í því fræðslu- tilboði var m.a. fræðsla um læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, og um málþroska og læsi í útinámi, námskeið um skapandi starf og notkun upplýsingatækni í leikskólum, námskeið um skáningar í leikskólum, fjölmenningu, útinám og könnunar- leik barna. Þá bauð fagskrifstofan upp á námskeið fyrir starfsfólk leikskóla um málþroska og læsi leikskólabarna, fræðslufundi um fjölmenningu og námskeið um foreldra- samstarf með fyrirlesurum frá fjölskyldumiðstöðinni Penn Green í Corby á Englandi.

MAT Á GÆÐUM LEIKSKÓLASTARFS

Sex leikskólar fóru í gegnum mat á gæðum leikskólastarfs; Sunnuás, Kvistaborg, Ársól, Grænaborg, Geislabaugur og Leikgarður. Einnig tóku leikskólar þátt í ytra mati í Ártúns- skóla og í Dalskóla. Niðurstöður voru kynntar í skóla- og frístundaráði á vordögum, en matið hefur mikla þýðingu fyrir fagstarf sérhvers skóla.

ÞRÓUNARVERKEFNI OG ÖNNUR NÝBREYTNIR

Skemmtilegu þróunarverkefni, *Út í mó, inn í skóg*, lauk í leikskólanum Furuskógi á árinu en það miðaði að því að efla alhliða læsi ungra barna og lýðræðisleg vinnubrögð. Verkefnið var felld inn í daglegt starf leikskólans og fræðsla um það fór fram á skipulögðum starfsdögum. Leikskólinn

Kvistaborg tók þátt í tónvísindaverkefninu *Biophilu* með áherslu á sköpun, hlustun og frjálsan leik. Börnin unnu með smáforrit á snjalltölvum og fengu margvíslega fræðslu tengdri vísindum og tónlist.

Leikskólinn Sunnuás, Langholtsskóli og frístundaheimilið Glaðheimar unnu á skólaárinu að þróunarverkefni und- ir heitinu *Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna*. Meginmarkmiðið var að þróa samstarfsáætlun sem byggði á læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu fyrir grunnskóla og þeim tækifærum sem liggja í vinnu með mál og læsi í frístundastarfi, ásamt grunnþættinum læsi í aðalnámskrá leik- og grunnskóla.

Á árinu skilaði leikskólinn Geislabaugur áhugaverðri skýrslu um þróunarverkefnið *Nú skal segja* sem fjallar um markvisst jafnréttisstarfi í leikskólanum.

Leikskólinn Holt tók þátt í verkefninu *Children's Right to Heritage Languages* sem fjallaði um endurmenntun kennara tvítyngdra barna á leikskólaaldri og fyrsta stigi grunnskóla.

Leikskólinn Ösp lauk þróunarverkefninu *Leikum okkur með orð; Hagnýtir málörvunarlyklar fyrir öll tungumál* og Hólaborg skilaði skýrslu vegna verkefnisins *Gerum þetta saman* þar sem markmiðið var að efla málrækt, lýðræði og hamingju. Leiðarljós var að stuðla að félagslegum jöfnuði og efla þátttöku og aðkomu allra foreldra í starf leikskólans með sérstaka áherslu á mál og læsi.

Á árinu lauk jafnframt þróunarverkefninu *Skína smástjörnur* sem staðið hefur yfir frá árinu 2012 í leikskól- unum Björtuhlíð, Hálsaskógi, Langholti og Laugasól en inntak þess var að þróa gæðastarf á yngri barna deildum.

DAGUR LEIKSKÓLANS

Hey, ég fékk góða hugmynd var yfirskrift ráðstefnu sem haldin var í febrúar í tengslum við *Dag leikskólans* sem haldinn er hátíðlegur 6. febrúar ár hvert. Aðalfyrirlesarar voru Dr. Auður Pálsdóttir, lektor við HÍ, og Dr. Guðrún Alda Harðardóttir, pedagogista í leikskólanum Aðalþingi í Kópavogi. Auk þeirra fluttu Gunnur Árnadóttir, Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir og Sigrún Ósk L. Gunnarsdóttir deildarstjórar erindi.

NÁM ER LEIKUR EINN

Í samstarfi við RannUng stóð skóla- og frístundasvið í október fyrir ráðstefnunni *Nám er leikur einn – elstu börnin í leikskólanum*. Þar var varpað ljósi á inntak, aðferðir og samfelli í námi barna á mörkum tveggja fyrstu skólastiganna og skoðað á hvern hátt leikur og nám fléttast saman sem árangursrík námsleið. Meðal annars var horft til alþjóðlegra rannsókna og leitað eftir sjónarmiðum foreldra, barna og leikskólakennara. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni var Sue Dockett, prófessor í menntunarfræðum ungra barna við Charles Sturt Háskólann í Albury í Ástralíu og gestaprófessor við Menntavísindasvið HÍ.

NÁMSKEIÐSDAGUR LEIKSKÓLASTJÓRA

Árlegur námskeiðsdagur leikskólastjóra var haldinn 12. júní að Bifröst þar sem stjórnendurnir fengu fræðslu um hugmyndafræði þjónandi forystu hjá þeim Sigrúnu Gunnarsdóttur og Aðalbjörgu Stefaníu Helgadóttur. Edda Björgvinsdóttir leikona fjallaði einnig um áhrif hímors og gleði á vinnustað. Að fræðslu lokinni fengu leikskólastjórar leiðsögn um háskóla-svæðið.

STÓRI LEIKSKÓLADAGURINN

Hátt í 30 leikskólar kynntu margvísleg þróunarverkefni á *Stóra leikskóladeginum* sem haldinn var í sjöunda sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og í Tjarnarbíói 29. maí. Á þessari stærstu fagstefnu leikskólastarfsfólks á landinu miðlaði

fagfólk fróðleik um nýbreytni störfum sínum og fræðum með erindum, umræðu og sýningu í Tjarnarsalnum.

Að þessu sinni var Akureyri gestasveitarfélag og kynntu tveir leikskólar þar starfsemi sína, auk skólaskrifstofu. Því má segja að rjóminn af því besta í leikskólafræðum hafi verið til sýnis og umfjöllunar á þessari líflegu fagstefnu sem margir leikskólar nýta til símenntunar.

NÝIR SKÓLASTJÓRNENDUR

Gunnur Árnadóttir tók á vordögum við stjórninni í Garðaborg og Sæunn Elfa Pedersen Karlsdóttir var ráðin leikskólastjóri í Fífuborg þegar Elín Ásgrímsdóttir lét af störfum eftir áratugastarf. Sæunn Elfa starfaði áður sem leikskólastjóra í Jörfa. Í ágúst tók Bergljót Jóhannsdóttir við stjórnartaumum í Jörfa en hún hafði áður verið leikskólastjóri í Sjónarhóli.

AFMÆLI LEIKSKÓLA

Fjórir leikskólar fögnuðu stórafmælum á árinu; Múlaborg varð 40 ára og 30 ár voru liðin síðan bæði Grandaborg og Rofaborg hófu starfsemi, auk þess sem Reynisholt fagnaði 10 ára afmæli.

SJÓNARHÓLI LOKAÐ

Rekstri leikskólans Sjónarhóls í Grafarvogi var hætt 1. nóvember en hann tók til starfa haustið 1999. Leikskólinn hafði verið vannýttur til nokkurra ára þar sem börnum í Húsa hverfi hefur fækkað mikið á undanförunum árum.

ERLENDIR GESTIR

Fjölmargin erlendir gestir kynntu sér starfsemi leikskólanna á árinu, m.a. hópar leikskólakennara frá Þýskalandi, Noregi og Slóvakíu. Aðferðir við að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar og fjölmenningslegt skólastarf vakti athygli og kynntu gestir frá Eistlandi og Þýskalandi sér það sérstaklega, m.a. með leikskólaheimsóknum. Þá heimsóttu sviðið gestir í gegnum ýmis Comenius- og Erasmus-verkefni.



Grunnskólar

Þann 1. október 2014 voru 14.003 nemendur í almennum grunnskólum og tveimur sérskólum borgarinnar og 616 nemendur í sjálfstætt starfandi grunnskólum, þar með taldir 5 ára nemendur. Alls voru grunnskólanemendur því 14.619 og fjölgaði þeim um 135 nemendur á milli ára.

STARFSÁÆTLUN

Sem lið í vinnu við þann umbótapátt í starfsáætlun sviðsins sem sneri að málþroska læsi og lesskilningi voru haldin ýmis námskeið í haustsmiðju kennara í ágúst. Námskeið tengd öðrum áherslupáttum voru einnig í boði svo sem í verk-, tækni- og listgreinum, auk námskeiða sem tengdust viðtalsfærni, kynjafræði og öðrum námsgreinum. Þá sóttu yfir 130 kennarar námskeið um lesskimunina *Leið til læsis* í ágúst og september. Í fræðslu fyrir sérkennslustjóra, deildarstjóra sérkennslu og sérkennara yngsta stigi var jafnframt áhersla lögð á málþroska og læsi og tvítyngd börn. Stofnuð voru læsisteymi á öllum starfsstöðvum og haldið málþing 29. október til að kynna tillögur fagráðs um læsi fyrir læsisteymunum.



TILLÖGUR UM AÐ EFLA LESTARFÆRNI BARNNA

Fagráð um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings meðal barna og ungmenna skilaði í febrúar tillögum sínum. Kveðið var á um stefnumörkun og eftirfylgd með framförum í læsi, öflugan stuðning og ráðgjöf við starfsfólk skóla, snemmtæka íhlutun, samstarf skólastiga og áherslu á markvissa læsiskennslu út allan grunnskólann. Stefnt er að því að 90% grunnskólanemenda nái lágmarksviðmiðum í lestrarskimun í 2. bekk.

Kynningarfundir voru haldnir í öllum hverfum borgarinnar til að kynna og ræða tillögur fagráðsins fyrir stjórnendum leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva og fulltrúum

þjónustumiðstöðva. Stofnuð var verkefnisstjórn og settur á lagginnar stýrihópur til að halda utan um *Miðju málþroska og læsis* sem mun hafa það hlutverk að styðja starfsstaði við að koma tillögunum í framkvæmd.

Ýmis námskeið voru haldin fyrir kennara um notkun snjalltækja í kennslu, notkun og gerð rafréttis o.fl. til að kynna möguleika upplýsingatækninnar til að styðja við læsi, lestur og ritun.

BÆKLINGAR UM MÁLÞROSKA OG LÆSI

Bæklingar um málþroska yngstu grunnskólabarnanna voru prentaðir og þeim dreift til foreldra 6 ára barna í grunnskólunum. Þá voru foreldrar hvattir til að nýta sér Foreldravefinn og skólustjórnendur jafnframt beðnir að kynna hann sérstaklega, www.reykjavik/foreldravefurinn.

HAUSTBÚÐIR Í VERK-, TÆKNI- OG LISTKENNSLU

Haustbúðir fyrir grunnskóla var tilraunaverkefni á sviði verk-, tækni- og listgreina í nokkrum grunnskólum á haustmánuðum. Fyrirmyndin var fengin frá *Listbúðum* sem Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur haldið í grunnskólum um árabil. Í Haustbúðum var boðið upp á námstækifæri í verk-, tækni- og listgreinum sem alla jafna eru ekki til staðar í daglegu skólastarfi. Í boði voru kvikmyndabúðir, Minecraft-búðir og tæknismiðjur í samvinnu við Skema, styttri myndlistabúðir í samvinnu við Myndlistaskólann, dansbúðir í samvinnu við Shär-hópin, bókunarbúðir og málsmiðibúðir í samvinnu við lðuna og leiklistarbúðir í samvinnu við Borgarbörn. Skólarnir gátu valið sér þau verkefni sem þóttu henta best inn í skólastarfið.

Starfshópur um *Vinsamlegt samfélag* stóð fyrir þróunarverkefni í Laugarneshverfi í samstarfi við Vöndu Sigurgeirsdóttur og skipulagði námskeið um samskipti stúlka. Starfshópur um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Reykjavíkurborg skilaði skýrslu með tillögum sínum um mitt ár. Ákveðið var að Barnasáttmálinn og nemendamiðað skólastarf yrði einn megináhersluþáttur á *Öskudagsráðstefnu* grunnskólakennara 2016.

Námskeið var haldið á vordögum í samstarfi SFS og Menntavísindasviðs HÍ. Úthlutunarreglum til grunnskóla var breytt til að fylgja eftir mati á stöðu nemenda af erlendum uppruna með *Milli mála -prófinu*.

NÝTT NÁMSMAT

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs stóð á árinu fyrir nokkrum vinnufundum með kennurum í 10. bekk um nýtt námsmat þar sem gefa átti öllum 10. bekkjar nemendum einkunnir í bókstöfunum á vormisserinu. Hver fundur var tileinkaður einu námssviði; íslensku, stærðfræði, erlendum tungumálum, samfélagsgreinum, náttúrugreinum, list- og verkgreinum, upplýsinga- og tæknimennt og skólaíþróttum. Á hverjum fundi fjallaði Erna Ingibjörg Pálsdóttir, námsmatsfræðingur og aðstoðarskólastjóri í Álfanesskóla, um námsmat, nokkrir kennarar sögðu frá því hvernig þeir höfðu aðlagð námsmat að nýjum kröfum og málin voru rædd í þaula. Ákveðið var að útbúa hugmyndabanka á netinu þar sem safnað yrði saman dæmum um matsverkefni og ýmsum öðrum gögnum sem tengjast námsmatinu og allir kennarar geta nýtt sér. Samhliða þessum fundum voru haldnir fundir fyrir skólastjóra og aðra stjórnendur sem unnu að innleiðingu námsmatsins.

MAT Á GÆÐUM GRUNNSKÓLASTARFS

Sem lið í umbótaþættinum gæði og fagmennska var unnið að því að meta grunnskólastarf. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum var höfð til viðmiðunar í matinu ásamt ákvæðum laga og reglugerða um grunnskóla, ákvæðum aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Grunnskólar sem fóru í gegnum mat á árinu 2015 voru Rimaskóli og Norðlingaskóli, auk Ártúnsskóla og Dalsskóla, en þeir eru samreknir með leikskóla og frístundaheimili, og Fellaskóli sem er samrekin með frístundaheimili. Á grundvelli niðurstaðna gerðu skólarnir umbótaáætlun um þá þætti sem skólinn vill efla.

FRAMKVÆMDIR VIÐ SKÓLA OG SKÓLALÓÐIR

Í apríl hófust framkvæmdir við viðbyggingu og endurbætur á Klettaskóla með skóflustungu borgarstjóra og nemenda skólans. Byggingarframkvæmdir hófust á haustdögum en

gert er ráð fyrir að viðbyggingin verði tilbúin haustið 2018. Nýtt íþróttahús, tvær kennslusundlaugar og hátíðar- og matsalur verða í viðbyggingu norðvestan við gamla skólalóðið. Austan við það mun rísa félagsmiðstöð. Verulegar endurbætur verða gerðar á gamla skólalóðinu og ofan á það verður bætt við hæð með aðstöðu fyrir starfsfólk. Áætlaður heildarkostnaður 2,6 milljarðar kr.



Í apríl hófust framkvæmdir við viðbyggingu og endurbætur á Klettaskóla með skóflustungum borgarstjóra og nemenda skólans.

NORÐLINGASKÓLI FÆRIR ÚT KVÍARNAR

Ákveðið var á árinu að leysa tímabundinn húsnæðisvanda Norðlingaskóla með því að leigja húsnæði við Norðlingabraut 4. Nemendaspá í Norðlingaholti kallar á viðbótarhúsnæði, en gert er ráð fyrir að nemendum þar muni fjölga í rösklega 600 fram til ársins 2019. Skólinn var byggður fyrir 450 nemendur en 520 nemendur stunduðu þar nám haustið 2015.



Skóflustunga tekin að nýrri viðbyggingu við Vesturbæjarskóla.

VIÐBYGGING VIÐ VESTURBÆJARSKÓLA

Skóflustunga við nýja viðbyggingu við Vesturbæjarskóla var tekin í ágúst en aukinn nemendafjöldi kallar á viðbótarhúsnæði. Viðbyggingin mun hýsa hátíðarsal, eldhús.

sérkennslustofur og almennar kennslustofur. Áætlað er að taka viðbygginguna í notkun haustið 2017. Auk viðbyggingar verða gerðar breytingar á eldra húsnæði og frístundaheimili við Vesturvallagötu endurgert með tilliti til eldvarna og flóttaleiða.

SKÓFLUSTUNGA TEKIN AÐ NÝJUM DALSKÓLA

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók ásamt skólabörnum úr Dalskóla og íbúum í Úlfarsárdal, fyrstu skóflustungu að nýjum Dalskóla í byrjun október. Skólinn verður samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundaheimili í Úlfarsárdal. Athöfnin markaði einnig upphaf framkvæmda við menningarmiðstöð, almenningssbókasafn, sundlaug og íþróttamiðstöð, sem nýfast mun íbúum í Grafarholti og Úlfarsárdal.

NÝIR SKÓLASTJÓRNENDUR

8 nýir skólastjórar við grunnskóla borgarinnar voru ráðnir á árinu.

Kristín Jóhannesdóttir var í apríl ráðin skólastóri við Austurbæjarskóla. Hún var áður skólastjóri í Fellaskóla. Við skólastjórn í Fellaskóla tók Sigurlaug Hrund Svardsdóttir.

Porkell Daniel Jónsson var ráðinn skólastjóri við Breiðagerðisskóla. Hann hafði áður starfað sem aðstoðarskólastjóri í Selásskóla og skólastjóri í Klétbergsskóla í afleysingum.

Magnús Þór Jónsson var ráðinn skólastjóri í Seljaskóla.

Margrét Einarsdóttir var ráðin skólastjóri við Vesturbæjarskóla en hún starfaði áður sem aðstoðarskólastjóri og skólastjóri í Korpuskóla.

Jón Pétur Zimsen var ráðinn skólastjóri í Réttarholtskóla en hann starfaði áður sem aðstoðarskólastjóri við skólann.

Ágúst Ólason var ráðinn skólastjóri í Foldaskóla en hann hafði m.a. áður starfað sem aðstoðarskólastjóri í Norðlingaskóla.

Árni Einarsson var ráðinn skólastjóri við Klettaskóla en hann hafði áður starfað sem aðstoðarskólastjóri við Brúarskóla.



AFMÆLI SKÓLA

Hlíðaskóli hélt upp á sextugsafmæli á árinu og var gróðursett í Öskjuhlíð í tilefni afmælisins og efnt til afmælishátíðar í upphafi skólaársins.

Norðlingaskóli fagnaði 10 ára afmæli á vordögum með mikilli hátíð og sýningu í skólanum.

Foldaskóli fagnaði í maí þrítugsafmæli með vorhátíð og fimmta grænfánanum.

Ölduselsskóli fagnaði fertugsafmæli í maí með stórhátíð og var þá m.a. af hjúpað afmælislistarverk nemenda og starfsfólks.

Laugarnesskóli fagnaði átttræðisafmæli með mikilli hátíð í október.



ERLENDIR GESTIR

Að vanda var nokkuð um heimsóknir erlendra gesta til skóla- og frístundasviðs. Grunnskólahluti fagskrifstofu tók í febrúar á móti sveitarstjórnarmönnum frá S.-Frakklandi og hópi skólastjórna og skólaskrifstofufólks frá Ítalíu í mars. Jafnframt fundaði fulltrúi skrifstofunnar með Christine Brown, yfirmanni skóla sem reknir eru á vegum Bandaríkjanna í Vestur-Evrópu, og sagði henni frá skólakerfi landsins, skólastarfi í borginni, alþjóðlegu samstarfi o.fl. Þá bárust beiðnir um alþjóðlegt samstarf með möguleikum á styrkjum frá norrænum eða evrópskum sjóðum til að standa straum af samstarfi, nemendaskiptum og gagnkvæmum heimsóknum og var þeim vísað til grunnskóla borgarinnar. Að vanda aðstoðaði skrifstofan við að skipuleggja starfsnám franskra framhaldsskólanema í leik- og grunnskólum borgarinnar og víðar.


ULEAD-RÁÐSTEFNAN

Hópur skólastjóra, þrír starfsmenn skrifstofu SFS og kjörnir fulltrúar í skóla- og frístundaráði sóttu á vordögum alþjóðlega ráðstefnu fyrir leiðtoga í skólamálum, ULead,

sem haldin var í Banff í Alberta-fylki í Kanada. Guðjóna Eygló Friðriksdóttir, skólastjóri Sæmundarskóla, var meðal fyrirlesara á ráðstefnunni.



Nemendur sem luku framhaldsskólaáföngum



Alls luku 65 nemendur í grunnskólum Reykjavíkur áföngum á framhaldsskólastigi vorið 2015 og 69 nemendum á haustönninni.

Mötuneyti

Mötuneyti skóla- og frístundasviðs framleiddi á árinu um 8 milljónir matarskammta á um 140 starfsstöðvum. Þau veitta um 18.000 börnum á aldrinum 1 -16 ára matarþjónustu.

Reykjavíkurborg fékk í byrjun árs viðurkynningu fyrir nýsköpun með verkefninu *Næringarútreiknaðir matseðlar, örútboð og matarsóun í mötuneytum leikskóla og grunnskóla*. Viðurkenningin var veitt af fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Rannís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ. Verkefnið sem hófst haustið 2014 nær til fjögurra mikilvægra þátta; að bæta lýðheilsu barna, stuðla að umhverfisvernd, vinna gegn matarsóun og ná fram hagræðingu í rekstri með það að markmiði að hámarka virði máltíða.

Haldið var áfram að innleiða nýjan þjónustustaðal fyrir skólamötuneytin og er stefnt að því að ljúka því í öllum sex

skólahverfum borgarinnar á árinu 2016. Samhliða fjölgði þeim grunnskólum sem birtu á heimasíðum sínum næringarútreiknaða matseðla.

Á árinu voru haldin námskeið um ofnæmisfæði fyrir yfirmenn eldhúsa og stjórnendur í leik- og grunnskólum.

Mötuneytisþjónusta skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vann á árinu að því að samræma og tryggja gæði í mötuneytisþjónustu fyrir börn og ungmenni. Unnið var í samstarfi við yfirmenn skólamötuneyta og birgja að því að samræma matseðla í hverfum og tryggja sem hagstæðust innkaup á hráefni með örútboðum á hverfavísu. Þá var unnið að því að betrubæta vinnuáðstöðu og tækjabúnað mötuneytanna.



Frístundastarf

Þann 1. október voru 6 frístundamiðstöðvar reknar af Reykjavíkurborg. Þær höfðu umsjón með 34 frístundaheimilum og 26 félagsmiðstöðvum. Til viðbótar voru 5 frístundaheimili og 1 félagsmiðstöð rekin af grunnskólum. Alls voru 4.240 börn skráð á frístundaheimili og frístundaklúbba. Hátt í 125.000 heimsóknir 10-16 ára barna voru skráðar í félagsmiðstöðvarnar.

STARFSÁÆTLUN

Frístundamiðstöðvarnar lögðu í sínu fagstarfi áherslu á þá fimm umbótaþætti sem fjallað var um í starfsáætlun sviðsins;

- Málþroska, læsi og lesskilning
- Verk-, tækni- og listgreinar
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Fjölmenningu
- Gæði og fagmennsku

Jafnframt var unnið samkvæmt stefnukorti sviðsins.

Málþroski, læsi og lesskilningur; Fjölmargt var gert til að stuðla að alhliða læsi og lesskilningi, s.s. í myndasögu- og smásöguklúbbum og ævintýra- og skrímslasklúbbum. Einnig var farið á bókasöfn, lesið saman og unnið með fjármála- læsi og umhverfislæsi. Unnið var á margvíslegan hátt með tilfinningalæsi, gerðar stuttmyndir, unnið í teiknimyndaklúbbum og farið í sögupil og ratleiki.

Verk-, tækni- og listgreinar; Unnið var í vísindasmiðjum í samstarfi við HÍ og í list- tækni og vísindaklúbbum. Lögð var áhersla á að börn og unglingar í sértæku félagsmiðstöðvastarfi hefðu sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju. Leitast var við að bæta aðgengi að efnivið sem ýtti undir sköpun í gegnum list-, tækni og verknám, tónlistarklúbba, ljósmyndanám-skeið, Rokkhundabúðir og fl.

Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi; Á fagstefnu starfsfólks frístundamiðstöðvanna, *Höfuð í bleyti* var áhersla lögð á lýðræðisstarf. Frístundamiðstöðvarnar skiluðu jafnréttisáætlunum og samstarf var haft með UNICEF um ýmis verk- efni tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá fór fram kynning á fyrirmyndarverkefnum sem tengdust, barna- og unglingalýðræði í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, s.s. um miðsstigsráð og stórfundi nemendaráða.

Fjölmennungur; Unnið var samkvæmt stefnu um fjölmenn- ingarlegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*,

að innleiðingu móttökuáætlunar fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Menningarklúbbar voru að störfum og fjölmennunarleg félagsmiðstöð. Sérstaklega var hugað að tómstundamenntun unglinga með annað móðurmál en íslensku, unnið með myndabók, haldin fjölmennunarvika, og efnt til millimennunarfræðslu.

Gæði og fagmennska; Undir þessum umbótaþætti var innleitt innra mat á fagstarfi, sett af stað heilsuefandi verkefni og þróuð viðmið um heilsuefandi frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Þá var gerð þarfagreining á fræðslu fyrir starfsfólk.

VIÐMIÐ UM GÆÐI Í FRÍSTUNDASTARFI

Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs voru gefin út á árinu. Starfsstaðir frístunda- miðstöðva fengu stuðning til að nýta viðmiðin í fagstarfinu og ráðist var í að meta fjóra starfsstaði í ytra mati; félags- miðstöðina Þrótttheima og frístundastarfið í Dalskóla, Fellaskóla og Ártúnsskóla. Þá var stutt við innleiðingu á innra mati á frístundastarfi með tveimur námskeiðum fyrir forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

ÁNÆGJA MEÐ FRÍSTUNDAHEIMILIN

Í viðhorfskönnun meðal 2.000 foreldra barna á frístunda- heimilunum sem gerð var á fyrri hluta ársins kom fram að 92% þeirra töldu að barninu þeirra liði vel á frístundaheim- ilinu og 80% töldu viðfangsefni barnanna áhugaverð. Þá

sýndi könnun sem gerð var á vormisserinu að 87% foreldra barna í frístundaheimilum voru ánægð með þá þjónustu sem börnin þeirra fengu.

Hlutfall yngstu grunnskólabarnanna í skipulögðu frístundastarfi jókst milli ára og voru nær öll börn í 1. bekk skráð á frístundaheimili á árinu, eða 99%.

HÚSNÆÐISMÁL

Frístundamiðstöðin Kampur, sem þjónar Miðborg og Hlíðum, flutti á árinu í rúmgóð húsakynni á annarri hæð að Þverholti 14. Með nýrri og betri aðstöðu var leitast við að auka við starfsemiina með virkri þátttöku barna og ungmennta í fjölbreyttum verkefnum.

Starfsemi frístundaklúbbsins Hofs fluttist á sumarmánuðum yfir á Þoragötu 3 og tók þá frístundamiðstöðin Frostaskjól við rekstrinum frá Kringlumýri. Frístundaklúbburinn Garður og félagsmiðstöðin Askja sameinuðust í félagsmiðstöðina Öskju og fluttu starfsemi sína að Safamýri 5.

Á árinu var ákveðið að þrír frístundaklúbbar fyrir fötluð börn og ungmenni yrðu að félagsmiðstöðvum þar sem fram færi sértækt starf, þ.e. Hellirinn, Hof og Höllin.



Andri Snær Magnason rithöfundur var aðalfyrirlesari á Höfuð í bleyti og kallaði erindi sitt Að ræða lýðræði er æði.

HÖFUÐ Í BLEYTI

Fjölmennt var í Gerðubergi á árlegri fagráðstefnu starfsfólks frístundamiðstöðvanna í maí. Aðalfyrirlesari var Andri Snær Magnason rithöfundur sem fjallaði um lifandi lýðræði.

Að því loknu hófust málstofur þar sem starfsfólk miðlaði þekkingu sín á milli um margvísleg fagleg málefni og áhugaverðar nýjungar í frístundastarfinu. Meðal þess sem fjallað var um í málstofum var stuðningur við börn á frístundaheimilum, heilsueflandi frístundastarf, spunaspil, hlutverkaleikir, stelpurokk, leiklistarsmiðjur, femínismi í félagsmiðstöð og fjölmenningarlegt frístundastarf.



Fjölbreytt dagskrá var í boði fyrir börn og fullorðna í vetrarfríinu.

VETRARFRÍ

Vetrarfrí voru í grunnskólum Reykjavíkur 19. og 20. febrúar og 23. – 27. október. Frístundamiðstöðvarnar buðu upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna og frítt var í sundlaugar á tilgreindum tímum. Þá fengu fullorðnir í fylgd með börnum ókeypis inn á menningarstofnanir borgarinnar.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVARDAGURINN

Líf og fjör var í félagsmiðstöðvunum 4. nóvember þegar *Félagsmiðstöðvardagurinn* var haldinn hátíðlegur með fjölbreyttri dagskrá fyrir foreldra og unglinga. Yfirskrift dagsins var *Þetta má!* og var boðið upp á skemmtilegar uppákomur og viðburði. Félagsmiðstöðvardagurinn er haldinn á öllu landinu fyrir tilstilli SAMFÉS, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi. Dagurinn á þó rætur að rekja til Reykjavíkur og hefur verið haldinn hátíðlegur þar frá 2005. Að þessu sinni heimsóttu tæplega 2000 gestir félagsmiðstöðvarnar, þar af um 600 foreldrar.

REYKJAVÍKURRÁÐ UNGMENNA

Ráðið fundaði vikulega yfir vetrartímann og ræddi mál-efni sem snerta unglinga og ungt fólk í borginni. Einn af



Frá fundi ungmennaráða Reykjavíkur með borgarstjórn.

hápunktum starfsins var hinn árlegi fundur með borgarstjórn þar sem fulltrúar í ráðinu lögðu fram tillögur og ræddu þær við kjörna fulltrúa, m.a. um aukna kynfræðslu í grunnskólum, vinnuskóla fyrir 8. bekkina og störf fyrir 16-20 ára í frístundamiðstöðvum. Reykjavíkurráðið á áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði og íþrótt- og tómstundaráði, auk þess sem það á fulltrúa í stjórn Barnamenningarhátíðar og hinum ýmsu vinnuhópum á vegum borgarinnar.

SKREKKUR

Hagaskóli fór með sigur af hólmi í *Skrekk*, hæfileikakeppni grunnskólanna, á stórskemmtilegu úrslitakvöldi í Borgarleikhúsinu í nóvember. Lið Hagaskóla var skipað stúlkum sem kröfðust pláss í samfélaginu með verki sínu *Elsku stelpur*. Siguratriðið fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum og vakti athygli á jafnréttisbaráttu ungra stúlkna. Öll atriðin sem kepptu til úrslita í *Skrekki* voru þaulæfð og vel útfærð af nemendum úr átta skólum: Háteigsskóla, Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla, Seljaskóla, Hólabrekkuskóla, Foldaskóla, Árbæjarskóla og Hagaskóla.



Hagaskóli fór með sigur af hólmi í *Skrekk*, hæfileikakeppni grunnskólanna, á stórskemmtilegu úrslitakvöldi í Borgarleikhúsinu í nóvember.

STÓRFUNDUR MED UNGLINGUM UM STEFNUMÓTUN


Tvö hundruð ungmenni úr 8.-10. bekk grunnskólans komu saman til stórfundar í Ráðhúsinu í nóvember til að ræða hvað mætti betur fara í frístundastarfinu. Efnt var til fundarins á vegum starfshóps sem var að móta stefnu fyrir frístundastarf á vegum borgarinnar. Fundurinn fór fram undir handleiðslu starfsfólks úr frístundamiðstöðvunum en markmiðið var að ná fram hugmyndum unglinganna til að nýta við stefnumótunarvinnuna. Jafnframt verða hugmyndir þeirra nýttar til að skipuleggja frístundastarfið með það að markmiði að efla það og bæta á forsendum unglinganna.

RÉTTINDAGANGA

Börn á frístundaheimilum borgarinnar minntu á réttindi sín á degi Barnasáttmálans 20. nóvember. Börn úr Grafarvogi mynduðu kærleikskeðju um Ráðhúsið og héldu á peysum til að minna á þau mörgu börn í veröldinni sem njóta ekki þeirra sjálfsögðu réttinda að eiga heimili og að geta gengið í skóla. „Við viljum ást og frið“ var svo hrópað í árlegri réttindagöngu barna í Hlíðum og Miðborginni sem stormuðu niður Skólavörðustíginn með kröfuspjöld. Á þeim stóð m.a. “Börn eru mikilvægari en peningar”, “Allir eiga að vera góðir vinir” og “Allir krakkar eiga rétt á að leika sér.”



Fjöldi barna á frístundaheimilum í Reykjavík á árunum 2011 - 2015



Skólahljómsveitir og tónlistarskólar

Reykjavíkurborg rak fjórar skólahljómsveitir á árinu og voru 454 nemendur skráðir í hljóðfæranám við upphaf skólaársins 2015-2016. Auk þess rak borgin Tónlistarskólann á Klébergi þar sem á fjórða tug barna stundaði nám. Reykjavíkurborg greiddi kennslukostnað vegna grunnnáms og miðnáms á hljóðfæri til 18 tónlistarskóla í borginni. Alls stunduðu 2.520 reykvískir nemendur nám í tónlistarskólunum í borginni vorið 2015.

SKÓLAHLJÓMSVEIT LÉK MEÐ SINFÓNÍUNNI

A, B og C sveitir skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts æfðu með Sinfóníuhljómsveit Íslands á vetrarmánuðum og lauk því samstarfi með glæsilegum tónleikum í Hörpu í mars. Elsta sveitin hjá Skólahljómsveit Austurbæjar tók þátt í Barnamenningarhátíð og lék í Hörpu. Um var að ræða stóran viðburð þar sem leikskólabörn í Reykjavík höfðu, í samvinnu við Tónskóla Sigursveins, undirbúið flutning sönglaga eftir Tryggva M. Baldvinsson. Sama sveit leiddi margar skrudgöngur á árinu og lék meðal annars í fjölmenningsgöngunni í miðbæ Reykjavíkur í byrjun maí. Skólahljómsveitirnar fjórar tóku þátt í marapöntónleik-

um í Hörpu sunnudaginn 15. nóvember þar sem óskalg þjóðarinnar voru leikin. Þá komu þær fram á fjölmörgum viðburðum á vegum leikskóla, grunnskóla og frístudamiðstöðva. Auk þess héldu allar sveitir reglulega tónleika yfir veturinn.

UPPSKERUHÁTIÐ SKÓLAHLJÓMSVEITANNA

Uppskeruhátíð skólahljómsveita var haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í maí og komu þá allar sveitir fram og léku fjörug lög um allan garð. Hátíðin, sem er orðin árviss viðburður, tókst í alla staði vel og verðlaunuðu foreldrar börnin fyrir vetrarstarfið með grillveislu.

GJÖFULL STARFSDAGUR TÓNLISTARKENNARA

Tónlistarkennarar og stjórnendur skólahljómsveita Reykjavíkur áttu gjöfulan starfsdag í ágúst. Guðrún Snorradóttir hélt fyrirlestur um jákvæðni og vellíðan í starfi og tónlistarkennarar deildu kennsluhugmyndum og ýmsu kennsluefni. Þá kenndi Sigurður Flosason tónlistarmaður spunavinnu og Stefán S. Stefánsson fjallaði um ýmis tæki á netinu sem nota má í tónlistarkennslu.



Skólahljómsveit Grafarvogs.

Skóla- og frístundastarf án aðgreiningar

STUÐNINGUR OG SÉRKENNSLA

Í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi er unnið samkvæmt hugmyndafræði skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar eins og fram kemur í stefnu sviðsins. Verkefnastjórar stuðnings- og sérkennslu í leik-, grunn- og frístundahluta fagskrifstofu mynda teymi og vinna saman að málum er varða stuðning við börn og nemendur í skóla- og frístundastarfi.

Á árinu 2014 skilaði starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun varðandi stuðning í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum SFS skýrslu sinni. Fram kom að stuðningur milli kynja skiptist með sama hætti í leik-, grunnskólum og á frístundaheimilum og voru niðurstöður í samræmi við upplýsingar um algengi fatlana hjá drengjum og stúlkum. Í kjölfarið var skipaður starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun varðandi almenna sérkennslu-úthlutun til borgarrekinnna grunnskóla. Skilaði sá starfshópur skýrslu í febrúar. Helstu niðurstöður voru að hlutfall þeirra grunnskólanemenda sem fær stuðning er misjafnt eftir skólum en að jafnaði fengu 20% stúlkna einhverja aðstoð og 32% drengja. Aðstoðin var með margvíslegum hætti og í mjög mismunandi magni milli skóla.

Á árinu voru unnar viðmiðunarreglur sviðsins um afgreiðslu umsókna um að flýta eða seinka grunnskólagöngu barns skv. 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Viðmið um skóla án aðgreiningar, sem unnin höfðu verið varðandi ytra mat grunnskóla árinu áður, voru birt á heimasíðu sviðsins undir útgefið efni. Viðmiðin voru notuð við ytra mat í grunnskólum á árinu.

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr sérskólum voru endurskoðaðar á árinu og einnig voru unnar reglur um innritun og útskrift nemenda úr sérhæfðum sérdeildum fyrir einhverfa nemendur. Reglurnar taka gildi á árinu 2016.

Verklagsreglur um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins vegna grunnskólanema með fjölþættan vanda voru endurskoðaðar í samstarfi við velferðarsvið. Einnig var settur á fót starfshópur vegna nemenda með fjölþættan vanda og vann hann verklagsreglur fyrir viðbragðsteymi sem tók til starfa við ráðgjafarsvið Brúarskóla.

Viðbragðsteymið er nú inn í framangreindum verklagsreglum og er grunnskólum til aðstoðar og ráðgjafar þegar upp koma alvarleg brot á skólareglum á skólatímum og skólastjóri telur mögulega þörf á utanaðkomandi aðstoð.

Á árinu var haldinn fræðslufundur fyrir ábyrgðarmenn sérkennslu í leikskólum. Þar fjallaði Elísa Guðnadóttir sálfræðingur um hvernig aðlaga megi umhverfið að börnum og Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar, fjallaði um stuðning í leikskólum og fjölmenningu.

Fjórir fræðslufundir voru haldnir á árinu fyrir sérkennara

og kennara sem sinna stuðningi og sérkennslu í grunnskólum. Í janúar fjallaði Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í tólmstunda- og félagsmálafræði við menntavísindasvið HÍ, um vináttu og einelti og í mars var Auður Magnús Auðardóttir, verkefnastjóri jafnréttis á SFS, með erindi um jafnrétti í grunnskólastarfi. Í nóvember voru þær Hanna Rún Eiríksdóttir, verkefnastjóri Sérkennslutorgsins, og Valgerður Marinósdóttir, deildarstjóri í Klettaskóla, með smíðju og fræðslufund um notkun snjalltækja í námi og kennslu fatlaðra nemenda.

Þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra á frístunda- hluta SFS hélt fjórar málstofur fyrir stjórnendur og aðra áhugasama á árinu. Einnig voru haldnar fræðslufundir fyrir stjórnendur frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva um gerð einstaklingsáætlana, félagsfærnisagna og notkun þeirra sem og myndrænt skipulag og mikilvægi þess.

Breytingar urðu á innra skipulagi frístundaþjónustu við fötluð börn og unglinga í skólum Reykjavíkur þegar heiti frístundaklúbba sem þjónustu fötluð börn og unglinga í 5.-10. bekk í almennum grunnskólum borgarinnar var breytt í félagsmiðstöðvar í takt við aðra starfsemi fyrir ófötl- uð börn og unglinga. Frístundaklúbburinn Garður fyrir börn í 5.-7. bekk Klettaskóla var lagður niður en sá hópur barna fær nú þjónustu í félagsmiðstöðinni Öskju.

Á árinu var gengið til samstarfs við Tröppu ehf. talþjálf- un um tilraunaverkefni til tveggja ára um þjónustu fyrir börn vegna málþroskaraskana og talgalla. Um er að ræða þjónustu sem sinnt er gegnum fjarfundabúnað og forrit sem stýrt er af starfsfólki Tröppu og fær barnið þjónustu frá fagfólki án þess að þurfa að fara úr sínu örugga nærum- hverfi. Leikskólinn Miðborg og Austurbæjarskóli tóku þátt í verkefninu.



Fjölmenning

Alls voru 1.299 börn af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar á árinu. Þar af áttu 309 börn annað foreldri af íslensku bergi brotið. Algengustu upprunalönd barna af erlendum uppruna í leikskólunum haustið 2015 voru Pólland, Filíseyjar, Litáen og Víetnam.

FJÖLMENNINGARSTEFNAN HEIMURINN ER HÉR

Stefna borgarinnar um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*, var samþykkt í borgarráði 2014. Í upphafi árs 2015 kom út bæklingur með stefnunni sem sendur var í alla leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar í borginni. Í kjölfarið var boðið upp á kynningarfundir um stefnuna í öllum hverfum auk fræðslufunda um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf og virkt tvítýngi. Í samstarfi við Háskóla Íslands var grunnskólakennurum boðið upp á 40 stunda námskeið við sem byggt var á stefnunni og áherslum hennar. Fjölmenningarteymi SFS sem í sitja fulltrúar leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðva heldur utan um innleiðingu stefnunnar sem á að verða lokið 2017.

STUÐNINGUR Á PÓLSKU

Magdalena Elísabet Andrésdóttir veitti pólskumælandi leikskólabörnum stuðning, en hún hóf störf í leikskólanum Miðborg á árinu. Starf hennar byggir á tilraunaverkefni sem hófst í leikskólum borgarinnar á árinu 2012 og miðar að því að auðvelda samskipti pólskumælandi barna og foreldra annars vegar og íslenskumælandi starfsfólks og barna hins vegar, veita foreldrum fræðslu og upplýsingar um leikskólastarfið og miðla mikilvægum þáttum í móðurmáli, menningu og bakgrunni barna og fjölskyldna til leikskóla-

starfsfólks. Langstærsti hópur leikskólabarna með annað móðurmál en íslensku er pólskumælandi. Nú hafa hátt í 40 leikskólar nýtt sér þessa þjónustu en í könnun meðal leikskólastjóra kom fram ánægja með að leikskólar skuli hafa aðgang að pólskumælandi stuðningi og ráðgjöf.

TVÍTÝNGDIR FARKENRARAR

Skóla- og frístundaráð samþykkti tillögu í apríl sem fól í sér að tveir tvítýngdir farkennarar skyldu ráðnir til að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku í grunnskólunum. Hlutverk þeirra verður að kenna móðurmál nemendanna og fara á milli skóla til að sinna þeim.

OKKAR MÁL Í FELLAHVERFI

Verkefnið *Okkar Mál í Fellahverfi* hélt áfram á árinu en því mun ljúka 2016. Sameiginlegir starfsdagar samstarfsskólanna voru haldnir í janúar og október þar sem boðið var upp á fræðslu fyrir kennara og starfsfólks skólanna þriggja. Áhersla starfsdagsins í janúar var á viðhorf, samskipti, fordómafræðslu, virkt tvítýngi og tækni í skólastarfi en á síðari starfsdeginum var sjónum beint að foreldrasamstarfi. Þar lýstu foreldrar því hversu mikilvægir skólarnir væru fyrir börnin þeirra og bentu síðan á atriði sem mætti huga betur að. Að því loknu hélt Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi afar



athyglisvert erindi um tengsl barna og hvernig kennarar geti betur mætt foreldrum sem búa við félagslega erfiðleika. Á heimasíðu verkefnisins www.tungumalatorg.is/okkarmal má fræðast meira um þetta samstarf.

MENNINGARMÓT Á VEFNUM

Heimasíða fyrir verkefnið *Menningarmót - Fljúgandi teppi* var opnuð í febrúar en hún var unnin í samstarfi sviðsins og Borgarbókasafns. Menningarmót er þverfagleg aðferð í starfi með börnum og fullorðnum þar sem leitast er við að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningarheima hvers og eins. Margir skólar hafa gert verkefnið að föstum liði í fagstarfinu og því þótti tímabært að gefa út á vef hagnýtar kennsluleiðbeiningar fyrir öll skólastig. Leikskólarnir Rofaborg, Hólaborg, Árborg og Laugasól voru tilnefndir Menningarmótsskólar á árinu, svo og Ingunnarskóli, Háteigsskóli og Landakotsskóli.


ÁNÆGJA MEÐ RÁÐGJÖF

Spurningakönnun um fjölmenningarlegt leikskólastarf og nýtingu fjármagns fyrir skólaárið 2014-2015 var send út til 83 leikskóla, 64 borgarrekinnna og 19 sjálfstætt starfandi. Niðurstöður sýndu m.a. að rösklega helmingur

leikskólastjóra í borginni, eða 47, höfðu fengið fræðslu um fjölmenningarlegt leikskólastarf. Meirihluti leikskólastjóra taldi jafnframt mikilvægt að fá reglulega slíka fræðslu út í leikskólana, s.s. um samskipti við foreldra, íslensku sem annað mál og fleira sem viðkemur vinnu með fjölbreytta menningu og tungumál. Almennt voru leikskólastjórnendur ánægðir með að hafa aðgang að ráðgjöf og stuðningi vegna fjölmenningarlegs leikskólastarfs.



Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eftir hverfum árið 2015



Flest börn af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur haustið 2015 voru frá Póllandi eða 308, frá Filippseyjum voru 96 börn og 66 frá Litáen.

Þverfagleg verkefni

VINSAMLEGT SAMFÉLAG

Verkefni skóla- og frístundasviðs, *Vinsamlegt samfélag*, sem byggir á markvissum aðgerðum gegn einelti, fékk hvatningarverðlaun Menntamálastofnunar á *Degi gegn einelti* 8. nóvember. Verkefnið þótti hafa sannað sig sem góður samstarfsvettvangur þar sem öllum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu er stefnt saman með það að markmiði að berjast gegn einelti. Hugmyndafræði um vinsamlegt samfélag byggir á menntastefnu Evrópuráðsins (Pestalozzi) um skóla í Evrópu án ofbeldis. Í henni er lögð megináhersla á að skapa skólabrag sem einkennist af gagkvæmri virðingu, trausti og sameiginlegri ábyrgð. Starfshópur um verkefnið stóð á árinu fyrir námskeiðum og fræðslufundum um eineltismál fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í borginni. Þá var stutt við forvarnir gegn einelti, m.a. með gerð leikinna myndbanda,

sem dreift var til allra starfsstaða, útbúið fræðsluefni fyrir foreldra, veggspjöld og fl. Hópurinn tók einnig þátt í þróun verkefnis sem fólst í þjálfun félagsfærni barna í leikskólum, grunnskólum og frístundaheiminum.

BIOPHILIA

Menntaverkefnið *Biophilia* byggir á því að hvetja börn og kennara til að nýta sköpunargáfunu með því að tengja saman tónlist, tækni og náttúruvísindi á nýstárlegan hátt. Nemendur læra með virkri þátttöku, tilraunum, leik og sköpun. Í tilefni af formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2014 sóttust íslensk stjórnvöld eftir samstarfi við önnur norræn ríki um að þróa verkefnið enn frekar og var það gert um öll Norðurlönd. Reykjavíkurborg hefur verið í forystu í því norræna samstarfi. Leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöð unnu að því að þróa



Stefnt er að uppskeruhátíð norræna Biophiliiu-samstarfsins vorið 2016.



verkefnið með tónvísindasmiðjum og námsefni og fengu heimsóknir ýmissa sérfræðinga á sviði tónlistar og vísinda. Stefnt er að uppskeruhátíð norræna samstarfsins í Reykjavík vorið 2016. Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri barnamenningar, stýrði verkefninu í samstarfi við fulltrúa frá Háskóla Íslands og tónmenntakennara. Biophilia menntaverkefnið er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, norrænu ráðuherranefndarinnar, Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur.

NÁTTÚRUSKÓLINN

Á vordögum fékk Náttúruskólinn Erasmus-styrk til verkefnisins *PRISMA – Outdoor Education in European Pre-schools brought into the Icelandic Light*. Verkefnið hverfist um náms- og þjálfunarferðir íslenskra leikskólakennara svo þeir geti kynnt sér nýja strauma og stefnur í útínámi. Samstarfslöndin eru fimm; Svíþjóð, Noregur, Skotland, Belgía og Slóvenía en í hverju landi eru ólíkar áherslur í útínámi leikskólakennara. 30 leikskólakennarar úr 13 leikskólum borgarinnar tóku þátt í verkefninu. Allir höfðu þeir reynslu af útínámi og jafningjateymum Náttúruskólans. Sérhver kennari fór í eina námsferð og kynnti sér starf leikskóla sem hefur serhæft sig í útínámi. Hann tók með sér heim

nýja þekkingu til að miðla í formi greinargerðar og nýrra útínámsverkefna. Leikskólinn Mýri fékk í júní úthlutað grenndarsvæði fyrir umhverfismennt og útínám. Svæðið sem jafnan nefnist Holtið er staðsett í litla Skerjafirði á milli stúdentagarða Háskóla Íslands og Reykjavíkurflugvallar.

Fræðsluferðir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn

11.000 leikskóla- og grunnskólabörn fóru í skipulagða fræðsluferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn (FHG) á skólaárinu 2014-2015, en í samstarfssamningi við FHG er kveðið á um að slík fræðsla sé liður í skólagöngu og frístundastarfi reykviskra barna. Fræðsludagskráin var afar fjölbreytt og fyrir elstu leikskólabörnin og grunnskólabörn á öllum aldri. Börnin fengu leiðsögn og fræðslu um dýrin í garðinum og einnig var farið sjóferðir í samstarfi við Faxaflóahafnir til að fræðast um sjávardýrin.

Útivistarsvæðið í Gufunesbæ

Mikil uppbygging var á árinu á útivistarsvæðinu við Gufunesbæ með það að markmiði að skapa þar áhugaverðan afþreyingarkost fyrir alla aldurshópa. Þá nýtti frístundamiðstöðin Gufunesbær aðstöðuna til að taka á móti hópum úr skóla- og frístundastarfinu, m.a. í útiöldun, veggjaklufur

og ratleiki. Við uppbyggingu hefur verið hugað sérstaklega að aðstöðu til útínáms í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur.

UPPLÝSINGATÆKNI

Á árinu fór fram margvíslegt mat á notkun upplýsingatækni í leik- og grunnskólum borgarinnar og var athygli beint að aðstöðu, búnaði, þjónustu, notkun í námi og kennslu, fagþekkingu, forystu, fyrirmyndarverkefnum og þörf á símenntun. Ýmsir starfshópar unnu að verkefnum er tengjast upplýsingatækni í leikskólastarfi, betra aðgengi skólafólks að símenntun í ábyrgri notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla- og frístundastarfi. Rýni á kostnað og þjónustu er tengist upplýsingatækni fór einnig fram á árinu.

Til að styðja við símenntun á sviði upplýsingatækni gerðist sviðið aðili að verkefninu SAMSPIL 2015, átaksverkefni MenntaMiðju sem hófst í upphafi árs. Eins kom sviðið að framkvæmd menntabúða í upplýsingatækni sem haldnar voru samstarfi við MenntaMiðju, RANNUNG og fleiri aðila.

Stofnað var net UT-tengiliða, með fulltrúum frá hverjum grunnskóla borgarinnar til að miðla hagnýtum upplýsingum og varpa ljósi á fyrirmyndarverkefni sem víða er unnið að. Þessi tengiliðir hittust á sameiginlegum fræðslufundi sem

haldinn var með upplýsingatæknideild og eins voru samráðsfundir tengiliða haldnir í hverfum borgarinnar.

Í haustbúðum fyrir grunnskólakennara í ágúst var boðið upp á ýmis námskeið um notkun spjaldtölva í skólastarfi, skýjalausnir og námskrá í upplýsingatækni.

MENNINGARFÁNI

Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, afhenti á vordögum Árbæjarskóla og frístundamiðstöðinni Kampi Menningarfána Reykjavíkurborgar fyrir framúrskarandi menningarstarf með börnum og ungmennum. Þessi viðurkenning var veitt við hátíðlega athöfn í Höfða þar sem börn og ungmennti skemmtu gestum með upplestri og söng. Árbæjarskóli fékk Menningarfánann fyrir ríka áherslu á list- og menningarfræðslu í öllu skólastarfi og markvisst menningaruppeldi. Í frístundamiðstöðinni Kampi er áhersla á listuppeldi sem kemur m.a. fram í markvissum ráðningum listhneigðs starfsfólks, en markmið er að þriðjungur starfsmanna hafi listmenntun og þekkingu sem nýtist í frístundastarfinu. Vetur 204-2015 voru haldnar ritlistarsmiðjur um hryllingssögur fyrir nemendur í 3.-4. bekk sem lauk með útgáfu bókarinnar *Eitthvað illt á leiðinni er*, smásagnasafni 19 barna.



Handhafar Menningarfánans 2015, börn og stjórnendur Árbæjarskóla og Kamps ásamt borgarstjóra og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.



Elisabet Rónaldsdóttir klippari var meðal kennara á námskeiðinu Stelpur filma!

Menningarfáni Reykjavíkur miðar að því að hlúa að list-kennslu og skapandi starfi með börnum og ungmennum í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skóla-hljómsveitum. Hann byggir á menningarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem áhersla er lögð á að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna. Markmiðið með viðurkenningunni er að framlag barna til menningar og lista verði metið að verðleikum og gert sýnilegt, svo og að rækta menningarlega sjálfsmynd barna.

MIXTÚRA

Hátt í sjötíu 13 -14 ára stúlkur voru á stórskemmtilegu námskeiði á haustmánuðum í kvikmyndagerð, en þar fengu þær leiðsögn fremstu kvikmyndaleikstjóra landsins, klippara og handritshöfunda. Efnt var til námskeiðsins *Stelpur filma!* í samstarfi við alþjóðlegu kvikmyndahátíðina RIFF og var afrakstur námskeiðsins sýndur á hátíðinni. Meðal þeirra sem miðluðu þekkingu sinni á þessu námskeiði var Elísabet Rónaldsdóttir klippari og Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri. Með þessu verkefni var leitast við að leiðrétta þann kynjahalla sem er í íslenskri kvikmyndagerð og bjóða upp á rými og næði fyrir stelpur til að þroska hæfileika sína og spegla sig í sterkum fyrirmyndum.

OPINSKÁTT UM OFBELDI

Í Grandaskóla, leikskólanum Gullborg og frístundaheimilinu Undralandi í Vesturbæ var unnið að þróunarverkefninu *Opinskátt um ofbeldi* þar sem kennarar og annað starfsfólk fékk fræðslu um hvernig best megi ræða við börn og ungmenntu um ofbeldi. Verkefnið miðar að því að skapa öruggt andrúmsloft til að ræða á opinskáan hátt um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi, áhrif þess á börn og vekja athygli þeirra á forvörnum, inngrípi og úrræðum. Markmiðið er að börnin viti hvað ofbeldi er, eftir því sem hæfir þroska þeirra, og að þau leiti aðstoðar ef þau eru beitt ofbeldi eða vita um einhvern sem býr við ofbeldi.

JAFNRÉTTISSKÓLINN

Í september fór í loftið nýr vefur Jafnréttistorg.is, kennsluvefur, hugmyndabanki og fréttavefur um jafnréttismál í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Fjallað er á vefnum um kyn, hinsegin fólk, fötlun og uppruna og geymir vefurinn fjölmargar hugmyndir fyrir kennslu og umræðu. Einnig var opnuð Facebook-síða þessa verkefnis þar sem settar voru inn fréttir, hugleiðingar og ýmislegt annað sem tengist jafnrétti og jafnréttisstarfi með börnum og unglingum.

Auður Magnús Auðardóttir lét af störfum sem verkefnastjóri Jafnréttisskólans á árinu og við starfi hennar tók Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Fullorðinsfræðsla

Hjá Námsflokkum Reykjavíkur stunduðu 181 manns nám á árinu, auk þess sem fjölmargir aðrir leituðu sér náms- og starfsráðgjafar í alls 1.100 viðtölum. Starfsmenn voru 11 en 17 kennarar störfuðu sem verktakar. Markmið starfseminnar var sem fyrr að veita einstaklingum tækifæri til að bæta við menntun sína, jafnt almenna sem sértæka, og styrkja félagslega stöðu með aukinni menntun.

HELSTU VERKEFNI

Kennsla í 18 mánaða átaksverkefnum, *Kvennasmiðju* og *Karlasmiðju*, var skipulögð samkvæmt þjónustusamningi við velferðarsvið. Kennsla í ungmennaverkefnum *Námskrafti* og *Starfskrafti*, einnar annar verkefni hvert, var samkvæmt samningum við velferðarsvið, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Fjölbrautaskólann við Ármúla.

NÝBREYTNÍ

Á árinu tóku Námsflokkar Reykjavíkur þátt í tilraunaverkefninu *Menntun núna* sem unnið var samtímis í Breiðholti og í Norðurvesturkjördæmi. Markmið þess var að færa menntun nær íbúum og nemendum. Boðið var upp á fjölbreytta menntun sem margir komu að. Í Breiðholti var verkefnið unnið í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Mími – símenntun.



Nemendur í útskiptarhópi Námskrafts 2015.

Starfsmenn og starfsþróun


HAUSTSMÍÐJUR KENNARA

Nær sex hundruð grunnskólakennara sóttu námskeið í upphafi skólaársins eða svokallaðar haustsmíðjur sem haldnar voru 12. - 13. ágúst. Þar var boðið upp á 20 símenntunarnámskeið sem öll tengdust námi og kennslu, s.s. í byrjendalæsi, stuttmyndagerð, vinnu með rafbækur og spjaldtölvur í skólastarfi og skýlausnir. Haustsmíðjurnar voru skipulagðar í samstarfi við skólastjórnendur.

SAMEIGINLEGIR STARFSDAGAR

Vogin, samráðsvettvangur um skóla- og frístundastarf í Grafarvogi og á Kjalarnesi, hélt fyrsta sameiginlegan starfsdag starfsfólks sviðsins í október. Alls voru um átta hundruð manns á þeirri fagstefnu þar sem Andri Snæri Magnason rithöfundur var meðal fyrirlesara. Í sama mánuði voru haldnir sameiginlegir starfsdagar í Breiðholti og Vesturbæ undir yfirheitunum *Breiðholtsbylgja* og *Vesturbæjarflétta*. Haldin voru 82 námskeið út á starfsstöðum sviðsins fyrir alls um 2.224 starfsmenn.

Stöðugildi á skóla- og frístundasviði 2011-2015



Stjórnendafræðsla

Heiti/ Inntak	Leiðbeinandi	Markhópur	Fjöldi námskeiða
Leiðbeiningarsamtöl	Guðrún Snorradóttir og Jóhanna Marteinsdóttir	Stjórnendur hjá SFS	2
Leiðtogaskólinn - Forysta og leiðtogi	Ragnheiður Stefánsdóttir	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1
Leiðtogaskólinn - Ég sem leiðtogi	Ragnheiður Stefánsdóttir	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1
Leiðtogaskólinn - Þáttökustjórnun	Ragnheiður Stefánsdóttir	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1
Leiðtogaskólinn - Endurgjöf	Ragnheiður Stefánsdóttir	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1
Leiðtogaskólinn - Að stýra fjölbreyttum starfsmannahópi	Ragnheiður Stefánsdóttir	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1
Leiðtogaskólinn - Forysta og leiðtogi	Ragnheiður Stefánsdóttir	Deildastjórar leikskóla	2
Leiðtogaskólinn - Ég sem leiðtogi	Ragnheiður Stefánsdóttir og Eypór Eðvarsson	Deildastjórar leikskóla	2
Leiðtogaskólinn - Þáttökustjórnun	Ragnheiður Stefánsdóttir	Deildastjórar leikskóla	2
Leiðtogaskólinn - Endurgjöf	Ragnheiður Stefánsdóttir og Ingrid Kuhlman	Deildastjórar leikskóla	2
Leiðtogaskólinn - Að stýra fjölbreyttum starfsmannahópi	Ragnheiður Stefánsdóttir	Deildastjórar leikskóla	2
Núvítundarnámskeið	Anna Dóra Frostadóttir	Stjórnendur hjá SFS	2
Leiðtogaskólinn - Foreldrasamstarf	Elisabet Helga Pálmarsdóttir	Sérkennslustjórar leikskóla	1
Starfsþróunarsamtöl	Ragnheiður Stefánsdóttir	Stjórnendur hjá SFS	2
Aðferðir	Guðrún Snorradóttir, Ingibjörg Gísladóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir	Stjórnendur hjá SFS	1
Markþjálfun	Unnur Valborg Hilmarisdóttir	Leikskólastjórar	1
Samtals			24

Önnur miðlæg fræðsla

Heiti/ Inntak	Leiðbeinandi	Markhópur	Fjöldi nám-skeiða	Stunda-fjöldi	Fjöldi þáttak-enda
Eðlisfræði - hagnýtt grunnnám	Haukur Arason	Náttúrufræðikennarar	1	10	10
Samskipti og félagsstengsl stelpna	Ingibjörg Auðunsdóttir	Grunnskólakennarar, leikskólakennarar og frístundaráðgjafar	1	4	200
Félagsfærni og samskipti	Aldis Yngvadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir	Grunnskólakennarar	1	16	22
Hagnýtt tölvunámskeið	Guðrún Hjartardóttir	Grunnskólakennarar	2	5	34
Byrjendalæsi - kennarar á 1. ári	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri	Grunnskólakennarar	1	40	27
Byrjendalæsi - kennarar á 2. ári	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri	Grunnskólakennarar	1	36	35
Byrjendalæsi - leiðtogar á 1. ári	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri	Grunnskólakennarar	1	30	6
Byrjendalæsi - leiðtogar á 2. ári	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri	Grunnskólakennarar	1	20	4
Eftirfylgniþróf fyrir 1. - 4. bekk	PALS	Grunnskólakennarar	1	5	25
Réttindi á skimunarþrófið (stuðningskerfið)	Steinnunn Torfadóttir og Helga Sigurmundsdóttir	Grunnskólakennarar	3	30	128
List- og verkgreinar	Ásthildur B. Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Ólöf Ágústina Stefánsdóttir	List- og verkgreinakennarar	1	13	30
Moodle vinnusmiðja	Ágúst Tómasson og Anna María Þorkelsdóttir,	Grunnskólakennarar	1	13	18
Markþjálfun	Ásta G. Guðbrandsdóttir og Matílda Gregersdóttir	Grunnskólakennarar	1	22	40
Nemendamiðað skólastarf 1	Sif Vigbórsdóttir, Eygló Rúnarsdóttir, Flosi Einarsson	Grunnskólakennarar	1	5	8
Nemendamiðað skólastarf 2	Guðrún Ragnarsdóttir og Aldis Yngvadóttir	Grunnskólakennarar	1	3	36
Ný kennslubók í eðlisfræði og stjórnufræði	Haukur Arason, Kjartan Örn Haraldsson og Sverrir Guðmundsson	Grunnskólakennarar	1	4,5	8
Pals - lestrarnámskeið	Ásdis Hallgrímsdóttir og Kristín Inga Guðmundsdóttir	Grunnskólakennarar	1	5	25
Rafbækur í skólastarfi	Rakel. G. Magnúsdóttir og Bjarnís Fjola Jónsdóttir	Grunnskólakennarar	1	5	26
Skýjalausnir í skólastarfi	Flosi Kristjánsson og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir	Grunnskólakennarar	1	5	29
Spjaldtölvur á yngsta stigi	Rakel. G. Magnúsdóttir og Bjarnís Fjola Jónsdóttir	Grunnskólakennarar	1	6,5	30
Spjaldtölvur í skólastarfi, allra fyrstu skrefin	Rakel. G. Magnúsdóttir og Bjarnís Fjola Jónsdóttir	Grunnskólakennarar	1	6,5	37
Stuttmyndasmiðja	Erla Stefánsdóttir o.fl.	Grunnskólakennarar	1	18	9
Sýndartítraunir	Haukur Arason	Grunnskólakennarar	1	4	13
Upplýsinga- og tækimennt í skólanámskrá	Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir	Grunnskólakennarar	1	4	7
Víðtalsfærni	Nanna Kristín Christiansen	Grunnskólakennarar	1	4	35
Vinnusmiðjur í kynjafræði 1	Auður Magnús Auðardóttir	Grunnskólakennarar	1	4	11
Vinnusmiðjur í kynjafræði 2	Auður Magnús Auðardóttir	Grunnskólakennarar	1	4	7
Menntabúðir í upplýsingatækni	Samstarfsverkefni fjölmargra	Leik- og grunnskólakennarar	7	3	25
SAMSPIL, UT-áttak MenntaMiðju	Samstarfsverkefni fjölmargra	Leik- og grunnskólakennarar	1	2,5	50
Sameiginleg fræðsla SFS og UTD	Ýmsir	Grunnskólakennarar	1	2,5	50
Hverfafundir UT tengiliða	Flosi Kristjánsson og Þorbjörg Þorsteinsdóttir	Grunnskólakennarar	5	2,5	40
Vefnámskeið: Uppbygging Samspils. Framtíð menntunar og skólaþróun	Bjarnís Fjola Jónsdóttir og Tryggvi Thayer	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Skýjaþjónustur og samvinnuverkfæri	Hans Rúnar Snorrason	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Samfélagsmiðlar í skólastarfi	Þsvava Pétursdóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Stafræn borgaravítund	Sölveig Jakobsdóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: ÚT úr húsi með myndavélar og fartæki	Salvör Gissurardóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Tjáning og miðlun í samþættum verkefnum	Erla Stefánsdóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Almenn kynning á eTwinning	Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir og Kolbrún Hjaltadóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Dæmi af notkun eTwinning	Anna Wahlström, Elin Þóra Stefánsdóttir og Þóra Þórðardóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Moodle í námi og kennslu	Anna María Þorkelsdóttir.	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Fjölbreyttar leiðir í námsmati	Sigurgrímur Skúlason	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Forritun í skólastarfi	Tryggvi Thayer	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Forritun og leikjafræði	Skúlína Hlíf Kjartansdóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Netbundin verkfæri	Bjarnís Fjola Jónsdóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Netbundin verkfæri	Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarssdóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Óþið menntaefni	Sigurður Fjalar Jónsson	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Vefnámskeið: Hugverkarréttur og heimiladnotkun	Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Leik- og grunnskólakennarar	1	1,5	15
Breytt námsmat við lok grunnskóla	Erna Ingibjörg	Grunnskólakennarar	1	12,5	150
Vínátta og einelti, fræðsla og hagnýtt ráð	Vanda Sigurgeirsdóttir	Sérkennarar	1	2	30
Jafnrétti í grunnskólastarfi	Auður Magnús Auðardóttir	Sérkennarar	1	2	8
Notkun snjalltækja í námi og kennslu fatlaðra nemenda - iPad smiðja	Hanna Rún Eiríksdóttir	Sérkennarar	1	2	26
Fræðslufundur um notkun snjalltækja í námi og kennslu fatlaðra nemenda	Hanna Rún Eiríksdóttir	Sérkennarar	1	2	31
Skyndihjálp, björgun	Óddur Eiríksson, skyndihjálparleiðbeinandi	Íþróttakennarar sem kenna sund	2	8	40
Skyndihjálp, björgun	Óddur Eiríksson, skyndihjálparleiðbeinandi	Þaðverðir og laugarverðir í skólasundlaugum	1	8	8
Fyrsti hluti námskeiðs um innra mat á frístundastarfi	Björk Ólafsdóttir, Þóra Melsted og Hulda Valdis Valdemarsdóttir.	Deildarstjórar og forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	3	37
Annar hluti námskeiðs um innra mat á frístundastarfi	Ýmsir	Deildarstjórar og forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	3	34
Framkvæmd ytra mats á frístundastarfi	Sigrún Harpa Magnúsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir	Matsteymi frístundastarfs	1	2	6
Forstöðumannavítamin um lýðræði	Forstöðumenn frístundaheimila og Gunnur Árnadóttir	Forstöðumenn frístundaheimilanna	1	2	40
Forstöðumannavítamin - hugmyndahristingur	Forstöðumenn frístundaheimilanna	Forstöðumenn frístundaheimilanna	1	2	28
Grunnfræðsla fyrir starfsfólk í félagsmiðstöðvum og frístundaklúbbum	Ýmsir	Nýtt starfsfólk í félagsmiðstöðvum og frístundaklúbbum (1-2 úr hverjum klúbb)	1	5	30
Orkustjórnun	Ragnheiður Stefánsdóttir	Starfsfólk í Breiðholti - Breiðholtsbylgjan	2	1	114
Orkustjórnun	Ragnheiður Stefánsdóttir	Yfirmenn mótuneyta	2	1	35
Orkustjórnun	Ragnheiður Stefánsdóttir	Starfsfólk SFS - Heilsueffandi vinnustaður	1	1	25
Jákvætt starfsumhverfi	Guðrún Snorradóttir	Kennarar í Grafarvogi	1	1,5	30
Að blómstra í starfi	Guðrún Snorradóttir	Starfsfólk í Breiðholti - Breiðholtsbylgjan	2	3	100
Velliðan í vinnunni	Guðrún Snorradóttir	Starfsfólk SFS - Heilsueffandi vinnustaður	1	1	40
Fræðslufundur um málþroska og læsi	Helga Sigurðardóttir, Árdís Hrönn Jónsdóttir og Friða Bjarney Jónsdóttir	Starfsfólk leikskóla Reykjavíkur	1	3,5	55
Hvernig sköpum við börnun okkar bestu mögulegu þroskaskilyrði er varða mál og tal	Bryndís Guðmundsdóttir talmaineirafræðingur	Starfsfólk leikskóla Reykjavíkur	1	2,5	72
Heimsókn frá Penn Green-foreldrasamstarf	Frá Pen Green	Starfsfólk leikskóla Reykjavíkur	1	2	16
Heimsókn frá Penn Green-skráningar	Frá Pen Green	Starfsfólk leikskóla Reykjavíkur	1	2	31
Móðurmál og virkt tvítyngi	Friða B. J. og Renata Pesková	Starfsfólk SFS	1	2	90
Menningarmót	Kristín R. Vilhjálmisdóttir	Starfsfólk leikskóla Reykjavíkur	1	3	15
Stuðningur við börn	Friða Bjarney Jónsdóttir, Elísa Guðnadóttir	Ábyrgðarmenn sérkennslu	1	2	50
Fræðsla og kynning á fjölmennningarstefnu SFS	Friða Bjarney Jónsdóttir, Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Rósa B. Þorsteinsdóttir	Starfsfólk SFS	6	9	90
Kynning á niðurstöðum fagráðs um læsi	Friða Bjarney Jónsdóttir og Guðrún Edda Bengtsdóttir	Stjórnendur og kennarar hjá SFS	6	12	150
Málþing um læsi, skipulagt af læsisteymi SFS	Dröfn Rafnsdóttir og fleiri fulltrúar	Læsisteymi hjá SFS, kennsluráðgjafar þjónustumiðstöðvum	2	4	200
Hæ, ég fékk góða hugmynd. Ráðstefna fyrir leikskólastarfsfólk.	Ýmsir	Starfsfólk leikskóla	1	4	376
Stóri leikskóladagurinn	Ýmsir	Starfsfólk leikskóla	1	8	800
Námskeiðsdagur dasforeldra	Ýmsir	Dagforeldrar	1	6	148
Óskudagsráðstefna	Ýmsir	Grunnskólakennarar og skólastjórnendur	1	4	580
Höfuð í bleyti	Ýmsir	Stjórnendur og starfsfólk frístundamiðstöðva	1	3	115
Samtals			83	419	4865

Rannsóknir og kannanir

GÓÐ NIÐURSTAÐA ÚR STÆRÐFRÆÐISKIMUN

Meginniðurstöður stærðfræðiskimunarinnar *Talnalykils* sem birtar voru í mars sýndu að þorri nemenda í 3. bekk, eða 94%, teljast ólíklegir til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði. 5,6% nemenda töldust hins vegar þurfa sérstakan stuðning. Það var 0,2% prósentustigum lægra en á árinu 2013. Tæp 98% nemenda í 3. bekk tóku þátt í skimuninni og var þátttakan sú mesta frá því byrjað var að skima. Markmið stærðfræðiskimunarinnar er að finna þá nemendur sem eru líklegir til að lenda í vanda og bregðast skjótt við með einstaklingsáætlun og/eða sérstökum stuðningi.

ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTU FRÍSTUNDAHEIMILANNA

87% foreldra sem áttu barn á frístundaheimilum borgarinnar á árinu voru ánægðir með þá þjónustu sem boðið var upp á. Þetta kom fram í viðhorfsskönnun meðal foreldra sem birt var í júní. 94% foreldra töldu að barninu þeirra liði vel á frístundaheimilinu og 90% voru ánægð með samskipti við starfsfólkið. Þá voru 82% foreldra ánægð með viðfangsefni

barnsins á frístundaheimilinu, en minnst ánægja var með húsnæði eða 62% að jafnaði.

64% NEMENDA Í 2. BEKK LÁSU SÉR TIL GAGNS

Niðurstöður árlegrar lesskimunar í 2. bekk voru birtar í september og sýndu að 939 nemendur af 1.459, eða rúmlega 64%, gátu lesið sér til gagns. Nemendur sem ekki náðu viðmiðum skimunarinnar voru 520 eða tæp 36%, en einungis hluti þeirra fékk svo lága niðurstöðu að sérstaks stuðnings var þörf í lestri, t.d. með einstaklingsáætlun eða einstaklingsnámskrá. Allir almennir grunnskólar í Reykjavík með 2. bekk tóku þátt í lesskimuninni auk þriggja sjálfstætt starfandi skóla.

GÓÐAR NIÐURSTÖÐUR ÚR SAMRÆMDUM PRÓFUM

Nemendur í Reykjavík stóðu sig best í öllum greinum samkvæmt niðurstöðum samræmdra prófa í 10. bekk sem birtar voru í nóvember. Hlutfall reykvískra nemenda sem fengu einkunnina A í þessum greinum var á bilinu 9,7-11,3% samkvæmt tilkynningu frá Menntamálastofnun.





Heimurinn er að breytast hraðar en kennarastarfið og skólinn sagði Toby Salt m.a. í fyrirlestri sínum á Öskudagsráðstefnunni.

Ráðstefnur og málþing

HEY, ÉG FÉKK GÓÐA HUGMYND

Nær fjögur hundruð starfsmenn leikskólanna sátu ráðstefnuuna *Hey, ég fékk góða hugmynd* sem haldin var á Hilton Nordica hótelinu í febrúar og snerist um þátttöku og áhrif barna á leikskólastarfið. Ráðstefnan er sú fjölmennasta sem haldin hefur verið fyrir starfsfólk leikskóla borgarinnar. Fræðimenn og leikskólastjórnenndur fluttu erindi þar sem leitast var við að svara spurningum um bein áhrif barna og lýðræðislegt leikskólastarf.

ÖSKUDAGSRÁÐSTEFNA

Hátt í fimm hundruð kennarar sátu Öskudagsráðstefnuna 18. febrúar á Hilton Nordica hóteli, en yfirskrift hennar var *Til móts við framtíðina – um fagmennsku og virðingu kennarastarfsins*. Aðalfyrirlesarar voru Toby Salt, sérfræðingur hjá Ormiston Academies Trust í Bretlandi og fyrrum ráðgjafi skólayfirvalda um forystu og þróun, og Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ. Skóla- og frístundasvið skipulagði sem fyrr þessa árlegu ráðstefnu í samstarfi við Kennarafélag Reykjavíkur og Félag skólastjórnaenda í Reykjavík.

STARFSHÆTTIR Í GRUNNSKÓLUM VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

Í febrúar efndi sviðið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ til ráðstefnu í Ingunnarskóla um rannsóknina *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* sem er ein sú umfangsmesta sem gerð hefur verið hér á landi. Gerður G. Óskarsdóttir, fyrrverandi fræðslustjóri Reykjavíkur, kynnti helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

NÁM ER LEIKUR EINN

Í október var efnt til ráðstefnu í samstarfi við RannUng undir yfirskriftinni *Nám er leikur einn*. Þar var leitast við að varpa ljósi á inntak, aðferðir og samfellu í námi barna á mörkum tveggja fyrstu skólastiganna og skoða á hvern hátt leikur og nám fléttast saman sem árangursrík námsleið. Aðalfyrirlesarar voru Sue Docket, prófessor í menntunarfræðum ungra barna við Charles Sturt Háskólann í Albury, og Charles Sturt, gestaprófessor við HÍ. Þá fjallaði Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólann á Akureyri, um áhrif stefnumótunar á starfshætti leikskóla.

Verðlaun og styrkir

Barnabókaverðlaun

Tvær unglingasögur fengu síðasta vetrardag barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs. Þetta voru bækurnar *Hafnfirðingabrandarinn* eftir Bryndísi Björgvinsdóttur sem dómnefnd valdi bestu frumsömdu barnabókina. Birgitta Elín Hassel og Marta Hlín Magnadóttir fengu verðlaunin fyrir bestu þýðingu á barnabók, en þær sneru á íslensku

skáldsögunni *Eleanor og Park* eftir bandaríska rithöfundinn Rainbow Rowell. Í báðum bókum er fjallað um sígild stef í lífi unglinga með leiftrandi stílgáfu, hlýju og humor. Barnabókaverðlaunin, sem verið var að afhenda í 43. skipti, þjóna þeim tilgangi að vekja athygli á gildi góðra bókmennta í uppeldisstarfi og á metnaðarfullri útgáfu barnabóka.



Handhafar Barnabókaverðlauna skóla- og frístundaráðs 2015 Birgitta Elín Hassel og Bryndís Björgvinsdóttir.

Hvatningarverðlaun

Tölf verkefni í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum fengu í maí hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs.

Verðlaun fyrir leikskólastarf fengu

- Dalskóli fyrir verkefnið Tökum flugið
- Laufásborg fyrir verkefnið Skák í leikskólanum
- Sæborg fyrir verkefnið Listsköpun í Sæborg

Hvatningarverðlaun fyrir grunnskólastarf fengu

- Grandaskóli fyrir verkefnið Lestarátak í samstarfi við Forlagið
- Hólabrekkuskóli fyrir verkefnið Vinaliðar í Hólabrekkuskóla
- Laugarnesskóli fyrir verkefnið Umhverfið mitt. Í samstarfi við Listaháskóla Íslands og Grasagarðinn í Laugardal.

Hvatningarverðlaun fyrir frístundastarf fengu

- Frístundaheimilið Eldflaugin fyrir verkefnið Ævintýraspilið
- Félagsmiðstöðin 105 fyrir verkefnið Femínistafélag 105
- Frístundaheimilið Gulahlíð fyrir verkefnið Tólmundaklúbbur

Þá voru veitt hvatningarverðlaun fyrir þverfagleg samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla, frístundarstarfs og félagsmiðstöðva

- Árbæjarskóli og félagsmiðstöðin Tían fyrir verkefnið Hönd í hönd
- Gullborg, Grandaskóli og Undraland fyrir verkefnið Opinskátt gegn ofbeldi
- Þróttheimar og Langholtsskóli fyrir verkefnið Lýðræðisleg vinnubrögð í nemendaráði Þróttheima og Langholtsskóla.



Nemendur í Laugarnesskóla og aðstandendur verkefnisins Umhverfið mitt sem fékk hvatningarverðlaun.



Frá afhendingu nemendaverðlauna í Hlíðaskóla.

Nemendaverðlaun

Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs voru afhent í þrettánda sinn við hátíðlega athöfn í Hlíðaskóla í lok maí. Þau eru veitt þeim grunnskólanemum sem skarað hafa fram úr í námi, félagsfærni, virkni í félagsstarfi eða hafa sýnt góða frammistöðu á tilteknu sviði skólustarfsins. 34 nemendur úr 4. – 10. bekk tóku við verðlaunum að þessu sinni fyrir að vera góðar fyrirmyndir á mörgum sviðum.



Frú Vigdís Finnbogadóttir afhendir Íslenskuverðlaunin en hún er verndari þeirra.

Íslenskuverðlaun

Fimmtíu og átta reykvískir grunnskólanemar tóku við Íslenskuverðlaunum unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Athöfnin fór í Norðurljóssasal Hörpu og afhenti venju samkvæmt frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, verðlaunin. Þá fluttu nemendur í Austurbæjarskóla stömmur við texta Þórarins Eldjárns og sýnd var stuttmyndin *Leiði* sem varð til á námskeiðinu *Stelpur filma!*

Styrkir

Skóla- og frístundaráð afgreiddi í janúar styrki til 43 verkefna í skóla- og frístundastarfi fyrir tæplega 22 milljónir króna. Veittir voru almennir styrkir og þróunarstyrkir til starfsstaða sviðsins og voru þeir afhentir við hátíðlega athöfn í apríl.

10 verkefni fengu almenna styrki fyrir alls um 2,8 milljónir króna. Hæstu styrkina fengu Marion Bronchet vegna verkefnisins *Segðu mér sögu* og Rithöfundasamband Íslands fyrir verkefnið *Skáld í skólum*.

33 verkefni fengu styrki til þróunar- og nýbreytniverkefna. Sérstaklega var óskað eftir umsóknum vegna samstarfsverkefna með áherslu á verk-, tækni- og listgreinar, móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna, frístundastarf fyrir alla og lestrarfærni og lesskilning.

Þrjár úthlutunarnefndir sem skipaðar voru fulltrúum kennara/frístundaráðgjafa, stjórnenda, sérfræðinga úr háskólasamfélaginu og starfsmönnum skóla- og frístundasviðs fóru yfir umsóknir sem bárust frá leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og almenningi. Auk þess lögðu nefndirnar mat á umsóknir um styrki til þróunar- eða samstarfsverkefna þvert á skólastig og stofnanir. Litið var til fimm umbótaþátta í starfsáætlun SFS við styrkveitingar, þ.e. málþroska, læsis og lesskilnings, verk-, tækni- og listagreina, lýðræði, jafnréttis og mannréttinda, fjölmenningar og gæði og fagmennsku.



Guðrún Kaldal framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjól var einn fulltrúi þeirra 43 verkefna sem fengu styrk skóla- og frístundaráðs.

Viðburðir



Friður, jafnrétti, ást og öryggi voru leiðarstef við setningu Barnamenningarhátíðar.

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Borgin kraumaði af barna- og unglingamenningu í sumarbyrjun þegar Barnamenningarhátíð var haldin í fimmta sinn. Opnunaratriði hátíðarinnar í Hörpu var dansinn Stjörnustríð 2 sem börn úr Klettaskóla og Íslenski dansflokkurinn sýndu við mikinn fögnuð áhorfenda. Lag hátíðarinnar bar titilinn *Það sem skiptir mestu máli* og var samið af Sölu Sól og Gnúsa Yones í hljómsveitinni Amabada. Textinn var saminn upp úr réttindaóskum 4. bekk-unga og þar voru orðin friður, jafnrétti, ást og öryggi oftast nefnd. Seinna sama dag stigu sex hundruð leikskólabörn á stókk og sungu lög eftir Tryggva M. Baldvinsson undir stjórn Elfu Lilju Gísladóttur.

Boðið var upp á um 150 viðburði um alla borg fyrir börn og unglinga á aldrinum 2-16 ára. Starfsstaðir sviðsins voru virkir þátttakendur í hátíðinni og víða mátti njóta sköpunar-

verka yngstu borgarbúanna í orðlist, myndlist, tónlist, dansi og leiklist. Barnamenningarhátíð bar sem fyrr því gróskumikla starfi, sem fer fram í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar, fagurt vitni.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri SFS veittu sumargjöf Tryggva Ólafssonar viðtöku ásamt fulltrúa reykvískra nemenda.

RAUSNARLEG SUMARGJÖF

Tryggvi Ólafsson myndlistarmaður færði á sumardaginn fyrsta börnum og ungmennum í Reykjavík rausnarlega gjöf, 210 litógrafiur. Sérhver leikskóli og grunnskóli í borginni fékk tvær innrammaðar myndir eftir listamanninn. Þá gaf Tryggvi skólahljómsveitunum grafíkmyndir af þekktum djassleikurum. Við afhendingu þessarar sumargjafar lék kvartett úr skólahljómsveit Austurbæjar og reykvísk börn þökkðu fyrir sig með því að færa listamanninum myndverk og nýttkomna bók með sögum 8 - 10 ára barna.



METÞÁTTTAKA Á STUTTMYND- HÁTÍÐ GRUNNSKÓLANEMA

Alls bárust um 100 myndir í stuttmyndakeppni grunnskóla-anna og var það metþátttaka. Myndirnar kepptu til sigurs í fjórum flokkum yngri og eldri nemenda; leiknum stuttmyndum, hreyfimyndum, heimildarmyndum og tónlistarmyndaðum. Á kvikmyndahátíð í Bíó Paradís voru sigurmyndirnar sýndar og verðlaun veitt fyrir þær bestu í hverjum flokki.

Fjármál

Heildarkostnaður sviðsins á árinu 2015 var 40,4 milljarðar króna en á árinu 2014 var kostnaður 37,2 milljarðar og jókst hann því um 3,2 milljarða eða 8,6% milli ára. Þetta er minni aukning en var á milli í 2013 og 2014 en þá var kostnaðar- aukning 9,4%. Helsta skýringin á útgjaldaaukningu voru nýir kjarasamningar. Jafnframt varð veruleg útgjaldaaukning vegna sérkennslu. Gjaldskrár sviðsins breyttust í upphafi árs og hækkuðu gjöld um 3,4%. Þá var tekinn upp systkina- afsláttur þvert á skólastig þar sem áætlaður kostnaður nam um 100 milljónum króna

Helstu fjárhagslegu markmið á árinu 2015;

- Bætt fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf
- Hagkvæm nýting fjármagns
- Bætt skipulag í mótuneytisþjónustu
- Samræming úthlutunarreglna
- Skýrari sýn á raunkostnað
- Bættar fjárhagslegar upplýsingar

Á árinu 2015 var að störfum starfshópur sem stofnaður var að frumkvæði skóla- og frístundaráðs um fjárhag sviðsins. Hlutverk hans var að endurskoða ákveðna lykilþætti í rekstri

sviðsins með það fyrir augum að auka skilvirkni og skapa svigrúm til að veita auknu fjármagni í innra starf skóla og frístundamiðstöðva. Hópurinn skilaði skýrslu sinni í ágúst.

Borgarstjóri skipaði 4. október 2014 starfshóp til að rýna skóla- og frístundasvið fjárhagslega. Markmiðið var að greina nýtingu fjármuna og leita tækifæra til betri nýtingar fjármuna og hagkvæmari rekstrar. Hópurinn skilaði skýrslu í ágúst.

Á grundvelli niðurstaðna úr þessum skýrslum voru stofnaðir vinnuhópar til að útfæra tillögur að hagræðingu á sviðinu.

Útgefið efni

- ➔ Stefna- og starfsáætlun 2015
- ➔ Starfsskrá frístundamiðstöðva 2015.
- ➔ Áfangaskýrsla fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings.
- ➔ Viðmið um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi.
- ➔ Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs.
- ➔ Innritun barna í grunnskóla oftast en einu sinni á ári, skýrsla starfshóps.
- ➔ Að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, skýrsla starfshóps.
- ➔ Nemendamiðað skólastarf, skýrsla starfshóps.
- ➔ Aukinn árangur nemenda, skýrsla starfshóps.
- ➔ Reglur og viðmið um innritun í leikskóla, skýrsla starfshóps.
- ➔ Lýðheilsa og heilsuefling barna og unglinga í leik-, grunn- og frístundastarfi, skýrsla starfshóps.
- ➔ Skýrsla starfshóps um fjárhag skóla- og frístundasviðs.
- ➔ Skýrsla starfshóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun um almenna sérkennsluúthlutun til borgarrekinnna grunnskóla.
- ➔ Skýrsla starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs.
- ➔ Móðurmálskennsla barna með annað móðurmál en íslensku, skýrsla starfshóps.
- ➔ Þátttaka 10-12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi með tilliti til kynja og úthlutunar fjármagns innan félagsmiðstöðva, skýrsla starfshóps.
- ➔ Viðhorfsskönnun meðal foreldra barna í frístundaheimilum.
- ➔ Lesskimun í 2. bekk grunnskólanna.
- ➔ Talnalykill 2014, stærðfræðikönnun í 3. bekk.
- ➔ Matsskýrslur um gæði skóla- og frístundastarfs í Ártúnsskóla, Dalskóla, Fellaskóla, Vesturbæjarskóla, leikskólunum Ársól, Kvistaborg, Lundi, Suðurborg og Sunnuási og frístundaheimilinu Eldflauginni og félagsmiðstöðinni Þróttheimum.
- ➔ Lykilhlutverk leiðtoga í skólaþróun, uLead ráðstefna í Banff, Alberta. Skýrsla um námsferð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, skólustjóra, skóla- og frístundaráðs og starfsmanna skrifstofu SFS til Alberta 13. – 20. mars 2015.
- ➔ Bæklingar á níu tungumálum um mikilvægi frístundastarfsins. Höf. Dagbjört Ásbjörnsdóttir.
- ➔ Tvö fréttabréf voru gefin út á vegum sviðsins á árinu. Það fyrra í apríl og það síðara í desember. Fréttabréfið er sent öllum foreldrum barna í leik- og grunnskólum, svo og starfsfólki sviðsins.
- ➔ Símaskrá skóla- og frístundasviðs 2015-2016.
- ➔ Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs 2014.





Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar

www.skolaogfristundasvid.is

2015